



## MIS ritgerð

### Að vekja þau látinu til lífsins

Upplýsingahegðun áhugafólks um ættfræði og fjölskyldusögu

Frosti Bergmann Eiðsson

Leiðbeinandi Ágústa Pálsdóttir  
Júní 2021



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI-  
OG ÞJÓÐFRÆÐIDEILD

**Að vekja þau látinu til lífsins**  
***Upplýsingahegðun áhugafólks um ættfræði og fjölskyldusögu***

Frosti Bergmann Eiðsson

Lokaverkefni til MIS-gráðu í upplýsingafræði

Leiðbeinandi: Ágústa Pálsdóttir

30 einingar

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2021

Að vekja þau látinu til lífsins

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MIS gráðu. Óheimilt er  
að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.  
© Frosti Bergmann Eiðsson, 2021

Reykjavík, Ísland, 2021

## Útdráttur

Ritgerðin segir frá eiginlegri rannsókn sem gerð var á upplýsingahegðun áhugafólks um ættfræði og fjölskyldusögu. Tekin voru sjö einstaklingsviðtöl við fólk á aldrinum 48 til 76 ára. Þær rannsóknarspurningar sem leitast var við að svara voru: Hvað er það sem fær einstaklinga til að stunda ættfræði og skoða fjölskyldusögu? Hvers konar form á upplýsingum er sóst eftir og hvaða aðferðum er beitt til að afla þeirra? Hvernig nær fólk að tengjast þeim sem rannsakaðir eru?

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að stór hluti þátttakanda taldi áhuga sinn á ættfræði og fjölskyldusögum hafa kviknað á uppvaxtarárum sínum og röktu áhugann til uppeldis- og umhverfisaðstæðna. Greind voru þrjú þemu: 1. Ættfræði á mínum forsendum. 2. Form upplýsinga og heimilda. 3. Að vekja þá látinu til lífsins. Viðhorf þátttakanda til upplýsinganotkunar voru á mörgum sviðum ólík og áberandi munur hve miklum tíma þátttakendur vörðu til upplýsingaleitar. Yngri notendur notuðust við nýrri og aðgengilegri upplýsingaleiðir eins og Íslendingabók og samskiptamiðla og vörðu minni tíma til ættrakninga en þeir sem eldri voru.

Þátttakendur notast við ritaðar heimildir, samskipti sem oft fara fram á rafrænum miðlum og sjónrænar upplýsingar. Helstu upplýsingamiðlar eru rafrænir gagnagrunnar eins og Íslendingabók og leitarvél Google. Í kjölfar mikilla ættrakninga undanfarna áratuga og birtingu þeirra hefur verið þrengt að rannsóknartækifærum ættfræðinga. Þeir hafa brugðist við með því að rannsaka aðrar sögulegar upplýsingar, oft utan við hefðbundnar ættfræðirannsóknir. Á sama tíma hefur hinn hluti þessa áhugamáls, fjölskyldusagan, bólgnað út í kjölfar aukin magns af rafrænum upplýsingum um einstaklinga.

Áhugafólk um ættfræði og fjölskyldusögu, styðst við ýmsar upplýsingaaðferðir til þess að komast í návígi við ættfólk sitt. Þátttakendur viðuðu að sér sögulegum upplýsingum og staðfræðilegum til að setja sig í spor þeirra sem þeir rannsökuðu.

## Formáli

Að vekja þau látinu til lífins er eigindleg rannsókn um upplýsingahegðun áhugafólks um ættfræði og fjölskyldusögu. Verkefnið er lokaritgerð til MIS-gráðu í upplýsingafræði við félags- og mannvísindadeild félagsvísindasviðs Háskóla Íslands.

Ástæðan fyrir því að ég ákvað að fjalla um upplýsingahegðun áhugafólks um ættfræði og fjölskyldusögu kemur til af því að sjálfur fékk ég ættfræðibakteríuna fyrir tæpum tveimur áratugum. Eins og hjá svo mörgum öðrum snerist upplýsingaleitin að ættingjum mínum og þá sérstaklega að föðurættinni, sem ég vissi nær ekkert um. Sú reynsla snerti við mér og eftir nokkurra vikna rannsóknir fannst mér eins og þetta fólk, ættingjar mínir sem ég þekkti varla nöfnin á í upphafi rannsóknanna, hefðu lifnað við því mér fannst þau standa svo ljóslifandi í huga mér. Titill þessa verkefnis er vísun í þessa reynslu. Þegar nöfnin í kirkjubókunum, breytast úr bókstöfum í manneskjur sem stíga upp af blaðsíðunum og inn í vitund þeirra sem vilja kynnast þeim.

Frosti Bergmann Eiðsson

## Efnisyfirlit

<b>Formáli</b> .....	<b>5</b>
<b>Efnisyfirlit</b> .....	<b>6</b>
<b>Myndaskrá</b> .....	<b>9</b>
<b>1 Um ættfræði</b> .....	<b>10</b>
1.1 Skilgreiningar og notkun hugtaka .....	12
1.1.1 Notkun hugtaka á Íslandi.....	12
1.2 Saga og útbreiðsla.....	13
1.2.1 Ritaðar heimildir og tilkoma skjalasafna.....	13
1.2.2 Ættfræði í Bandaríkjunum .....	13
1.3 Kynjaskipting og aldursdreifing.....	14
1.4 Af hverju byrjar fólk að stunda ættfræði? .....	15
1.4.1 Ættfræði á Íslandi.....	16
1.4.2 Rafrænar upplýsingar .....	18
1.4.3 Ættfræði sem nám á háskólastigi .....	19
<b>2 Upplýsingahegðun. Fræðilegt yfirlit.</b> .....	<b>23</b>
2.1 Hugtakið upplýsingar .....	23
2.1 Upplýsingaþörf.....	23
2.2 Upplýsingahegðun .....	25
2.3 Upplýsingalíkön.....	27
2.4 Rannsóknir á upplýsingahegðun í daglegu lífi .....	28
2.5 Hlutverk hliðvarða .....	29
2.6 Kostnaður eða ábati af upplýsingaöflun? .....	30
<b>3 Upplýsingahegðun ættfræðinga. Fræðilegt yfirlit.</b> .....	<b>32</b>
3.1 Fjölskyldusaga snýst um að auka skilning.....	33
3.1.1 Hvað veldur því að menn byrja að stunda rannsóknir á ættfræði og fjölskyldusögu? .....	33
3.2 Að búa til myndir úr fortíðinni og þjappa saman tímanum .....	34
3.3 Þekking á öðrum sviðum.....	35
3.4 Rafræn heimildaleit .....	36
3.4.1 Notendalæsi og upplýsingahindranir.....	37

3.4.2 Tilgangur ættfræðinga.....	38
<b>4 Framkvæmd rannsóknar .....</b>	<b>40</b>
4.1 Markmið og rannsóknarspurningar .....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
4.2 Rannsóknaraðferð.....	40
4.3 Rannsóknarnálgun .....	41
4.3.1 Úrvinnsla gagna.....	41
4.3.2 Úrtak og aðgengi .....	42
4.3.3 Þættir sem lágu að baki vali á úrtaki.....	43
4.4 Stærð úrtaks.....	43
4.5 Aldur og kyn og reynsla þátttakenda.....	44
4.6 Gagnasöfnun.....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
4.7 Takmarkanir rannsóknarinnar og siðferðileg álitamál.....	45
4.8 Mikilvægi rannsóknarinnar .....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
<b>5 Niðurstöður .....</b>	<b>46</b>
5.1 Af hverju stundar fólk ættfræði og fjölskyldusögu? .....	46
5.2 Form upplýsinga og upplýsingalindir .....	47
5.2.1 Rafræn upplýsingaleit.....	48
5.2.2 Getum sagt að það sé búið að gera ættfræðina .....	49
5.2.3 Samskipti við aðra.....	50
5.2.4 Sjónrænar upplýsingar.....	51
5.3 Að vekja þá látnu til lífsins .....	53
5.3.1 Að setja sig í spor forfeðranna.....	53
5.3.2 Fjölskyldusögur teikna upp myndir .....	54
5.3.3 Að þykja vænt um þau látnu.....	54
<b>6 Umræður og samantekt .....</b>	<b>56</b>
6.1 Af hverju stundar fólk ættfræði og rannsakar fjölskyldusögu? .....	56
6.1.1 Hvaða upplýsingar vekja áhuga?.....	56
6.1.2 Hvenær kviknar áhugi á ættfræði og fjölskyldusögu?.....	57
6.1.3 Af hverju hefja menn rannsóknir?.....	57
6.2 Form upplýsinga og lykilheimildir .....	58
6.2.1 Rafrænar upplýsingar .....	58
6.2.2 Samskipti við aðra.....	60
6.2.3 Sjónrænar upplýsingar.....	61
6.3 Að vekja látna til lífsins .....	61

6.4 Lokaorð .....	62
<b>7 Heimildaskrá .....</b>	<b>63</b>



## Myndaskrá

Mynd 1 Þrjú ættfræðirit .....	17
Mynd 2 Upplýsingahegðun.....	25
Mynd 3 Upplýsingaleit .....	28

## 1 Inngangur

Einstaklingar sem leita að upplýsingum um ættingja komast fljótlega að því að þeir læra ekki aðeins fjölskylduupplýsingar. Til að stunda fjölskyldurannsóknir svo vel sé þurfa menn að afla sér upplýsinga um margvísleg efni og temja sér nýja þekkingu. Sú þekking getur verið í formi landafræði, sögu, staðfræði og erlendra tungumála svo eitthvað sé nefnt. Til þess að öðlast skilning á lífi forfeðra og formæðra sinna þarf fólk að kafa djúpt inn á hin ýmsu svið til þess að sjá heildarmyndina.

Greinarmunur er gerður á ættfræði og fjölskyldusögu. Ættfræði hefur verið stunduð um aldir. Hlutverk hennar er að afla helstu upplýsinga um einstaklinga og að átta sig á skyldleika þeirra. Upplýsingaheimildir ættfræðinga eru opinber gögn frá ríki eða kirkju en það voru nær einu persónuupplýsingar sem voru í boði allt fram á síðustu öld. Stundum er sagt að fjölskyldusaga sé það sem er „utan á beinunum.“ Það sem átt er við með því er að ítarlegri upplýsingar, frásagnir, sögur, ljósmyndir og fleira tilheyri fjölskyldusöguhlutanum. Og svo haldið sé áfram með líkingarmálið þá er fjölskyldusaga litla systir ættfræðinnar. Til að mynda sást þetta hugtak varla á prenti hér á landi fyrr en á þessari öld.

Ættfræðirannsóknir er eitt af fáum áhugamálum sem hafa haft þann tilgang að leita upplýsinga. Þrátt fyrir þessi tengsl hefur þessi grein að mestu verið hornreka í skólakerfinu. Ættfræðirannsóknir hafa fengið á sig orð fyrir að vera of persónulegar og þá líta sumir svo á að fjölskyldusaga sé undirflokkur sagnfræðinnar. Tengsl þessara greina við margar aðrar fræðigreinar gerir það svo að verkum að erfitt kann að vera að finna henni sérstakan bás. Ýmsar aðrar ástæður kunna að vera fyrir því að þessum fræðum sé úthýst. Hingað til hafa flestir geta stundað þessar greinar án formlegrar leiðsagnar og kennslu og svo er það hin ástæðan að flestir hefja ekki ættfræðirannsóknir fyrr en eftir miðjan aldur, þegar þeir hafa lokið sinni skólagöngu.

Tilgangur þessarar rannsóknar er meðal annars að kanna hvernig þessi áhugahópur stundar rannsóknir sínar en einnig að fá innsýn í það hverju það sækist eftir með rannsóknum sínum. Ritgerðin segir frá eigindlegri rannsókn sem gerð var á upplýsingahegðun áhugafólks um ættfræði og fjölskyldusögu. Tekin voru sjö einstaklingsviðtöl við fólk á aldrinum 48 til 76 ára. Þær rannsóknarspurningar sem leitast var við að svara voru: Hvað er það sem fær einstaklinga

til að stunda ættfræði og skoða fjölskyldusögu? Hvers konar form á upplýsingum er sóst eftir og hvaða aðferðum er beitt til að afla þeirra? Hvernig nær fólk að tengjast þeim sem rannsakaðir eru?

## 2 Um ættfræði

Í þessum kafla er fjallað um ættfræði og fjölskyldusögu frá ýmsum hliðum. Helstu hugtök eru rædd og skýrð. Í öðrum hluta er stiklað á stóru um sögu greinarinnar og þróun, bæði hér á landi og erlendis.

### 2.1 Skilgreiningar og notkun hugtaka

Ættfræðingar taka saman lista yfir forfeður (og formæður) sem þeir raða í ættartöflu eða annað ritað form. Orðið ættfræði kemur frá tveimur grískum orðum - annað merkir „kynþáttur“ eða „fjölskylda“ og hitt „kenning“ eða „vísindi“. Af því leiðir að hugtakið „að rekja ættir“ eru þau vísindi að rannsaka fjölskyldusögu. (Pine, 2019)

Algennt er að gerður sé greinarmunur á hugtökunum ættfræðingur (*e. genealogist*) og fjölskyldusagnfræðingur (*e. family historian*) en svið þessara tveggja greina renna saman og fræðimenn hafa misjafnar skoðanir hvar mörk hvorrar um sig liggja. Yakel (2004) segir að sumir hafi þann skilning á hugtökunum að ættfræðingar séu einstaklingar sem einbeiti sér að því að finna upplýsingar um forfeður og formæður fyrir aðra en fjölskyldusagnfræðingar séu þeir sem leita að upplýsingum fyrir sjálfa sig. Samkvæmt Yakel (2004) er ættfræðingur sé einstaklingur sem reki ættir en fjölskyldusagnfræðingur sé sá sem leitar að frásögnum og öðrum heimildum t.d. ljósmyndum, um ættfólk sitt. Skiptir þá engu hvort hann hefur atvinnu af því eður ei.

Í daglegu tali virðist oft vera tilhneiging til að líta á rannsóknir í ættfræði og fjölskyldusögu sem tvær hliðar á sama peningnum. Til að mynda telur Land (2012) að hugtakið ættfræði sé eins konar regnhlífarhugtak fyrir hvers kyns fjölskyldurannsóknir enda sé fátítt að einstaklingar láti sér duga ættfærslur á nöfnum án þess að kynna sér ítarlegri upplýsingar um þá einstaklinga. Darby og Clough (2013), komust að sömu niðurstöðu en kölluðu þennan hóp rannsakendur fjölskyldusögu (*e. family history researchers*).

#### 2.1.1 Notkun hugtaka á Íslandi

Hugtakið fjölskyldusagnfræði hefur ekki náð fótfestu í íslensku máli, hvað sem síðar verður. Það kom fyrst fyrir í rituðu máli hér á landi árið 1986 samkvæmt leit í dagblaða- og tímaritagrunninum timarit.is og aðeins var þar að finna tvö tilvik um notkun orðsins. Hugtakið fjölskyldusaga, hefur víðtækari skírskotun, 1366 niðurstöður, flestar þeirra eru tenglar á skáldsögur en einnig á greinar í læknablöðum enda hugtakið „fjölskyldusaga“ gamalkunnugt innan læknisfræðinnar. Til samanburðar þá skilaði „ættfræði“ 9160 niðurstöðum.

## 2.2 Saga og útbreiðsla

Sú hefð að rekja ættir er jafn gömul siðmenningunni. Keisarar og konungar frá fornum siðmenningum í Sumer (áður Mesópótamíu) fyrir nokkrum árpúsundum, allt til Englands á miðöldum, hafa notað ættfræði til að sýna tilkall sitt til háseta. Sumir þjóðhöfðingjar röktu ættir sínar til grískra, rómverskra og egypskra guða. Ættfræði var sögð og varðveitt með munnlegum sögum og söngvum sem miðluðust frá einni kynslóð til þeirrar næstu.

### 2.2.1 Ritaðar heimildir og tilkoma skjalasafna

Friedrich, (2017) segir að á 17. öld, þegar það tímabil sem í mannkynssögunni er nefnt Nýöld gekk í garð, var byrjað að skrá evrópskar ættir á pappír. Slíkar ritaðar heimildir urðu nauðsynlegar til að sýna fram á rétt til erfða og eignarhaldi landa. Erfitt gat reynst að hafa upp á hvar skjöl voru niðurkomin og fræðimenn þurftu að blaða í gegn um bunka að skjölum til að finna þær upplýsingar sem leitað var að. Oft vörðuðu skjöl heilu fjölskyldurnar og þá þurfti að draga saman helstu upplýsingar um þann einstakling sem var til rannsóknar, eins og nafn og fæðingardag, nöfn foreldra, dagsetningar hjónabanda og nöfn maka. Allt annað, þar á meðal sögulegar frásagnir um líf og verk einstakra einstaklinga var æskilegt en ekki nauðsynlegt.

Þá voru falsanir stórt vandamál og eitt helsta tækið til að greina hvort skjal væri lögmætt, var hvort hægt væri að finna það á skjala- eða bókasöfnum. Ættfræðirannsóknir leiddu mönnum í ljós mikilvægi skjalasafna og höfðu áhrif á uppbyggingu, virkni og flokkun heimilda.[1] Pierre Palliot (f. 1608), franskur ættfræðingur og rithöfundur sendi frá sér eftirfarandi orðsendingu árið 1664 sem lesa má um í (Friedrich, 2017, bls. 69):

„Ég kem ekki neinu á framfæri sem ekki er satt og ég skálda ekki upp skyldleika eftir endurminningunum sem oft er komið til mín en innihalda oftast aðeins orð sem sönnun. (Í staðinn) mun ég halda áfram að sækja skjalasöfn og mun taka niður minnisþunkta úr skráum ykkar til að upplýsa afkomendur um forfeður þína og láta komandi kynslóðir vita hvaðan þeir koma, með því að skrá niður hjónabönd og aðrir mikivægar afhafnir“.

### 2.2.2 Ættfræði í Bandaríkjunum

Weil (2007) segir að ættfræði hafi átt erfitt uppdráttar í Bandaríkjunum, eftir að þjóðin fékk frelsi frá Bretum 1786. Weil skýrir það með þeim rökum að trú á lýðveldi, almannahagsmuni og jafnrétti hafi verið ráðandi en í huga margra, var ættfræði tákngervingur gamla tímans, því tímabili sem menn vildu skilja við, þar sem völd og titlar gengu í erfðir. Árið 1829 kom út *Ættfræðirit yfir fyrstu landnemana í Nýja-Englandi* sem breytti viðhorfi margra til ættfræði.

Fyrsta ættfræðifélagið, Sögu- og ættfræðifélag New England (e. *New England history and genealogy society*) var stofnað árið 1845.

Á síðasta fjórðungi 20. aldarinnar urðu ákveðin straumhvörf í áhuga á ættfræði í Bandaríkjunum. Carothers (1983) segir að það eigi sér nokkrar skýringar. Árið 1976 var haldið upp á 200 ára afmæli sjálfstæðisyfirlýsingarinnar (e. *Bicentennial*) sem blés þjóðerniskennd í brjóst marga Bandaríkjamanna. Sama ár kom út kynslóðasagan *Rætur* (e. *Roots*) eftir Alex Haley. Sjónvarpsþáttaröð var gerð eftir bókunum sem naut fádæma vinsælda og fékk eitt mesta áhorf sem um getur í sjónvarpi. Aðrir þættir sem ýttu undir áhuga á fjölskyldurannsóknum á þessum tíma var, að sögn Carothers, (1983) vaxandi fjöldi eftirlaunaþega og annarra með meiri frítíma sem gerði þeim kleift að stunda áhugamálið. Vinsældir ættfræðinnar sköpuðu áskoranir fyrir bókasöfn. Nýir viðskiptavinir, áhugasamir um að grafast fyrir um ættir sínar, streymdu á söfnin.

Áhugi á erfðafræði- og fjölskyldurannsóknum hefur aukist víða um lönd og ástæður þessara vinsælda hafa verið umfjöllunarefni á sviði mannfræði. McDonald,(2005) bendir á að áhugamenn um erfðafræði- og fjölskyldusögurannsóknir séu oft teiknaðir í jákvæðu ljósi í blöðum og tímaritum, þar sem þeir komast að leyndarmálum úr fortíðinni og finna svör við langlífum spurningum. En einnig ber að benda á að fortíðin virðist eiga æ sterkara aðdráttarafli, meðal annars með sögulegum heimildamyndum og kynslóðadramapáttum í sjónvarpi. Söfnum hefur fjölgað, minjastaðir (e. *heritage sites*) spretta upp og internetið stækkar af sögulegum upplýsingum. Auk þessara þátta má eflaust tengja aukningu í áhuga á ættfræði og fjölskyldusögu við aukna velmegun og rýmri frítíma. Þegar fólk hefur lítinn tíma og lítið fé aflögu þá sinnir það sínum grunnþörfum, eins og Maslow (1954) skilgreindi þær.

Í gegn um tíðina hafa ættfræðingar nýtt sér skjala- og bókasöfn og aðrar efnislegar upplýsingageymslur. Lucy (2015) segir að þeir séu farnir að tileinka sér tækni í auknu mæli, eins og ættfræðihugbúnað, gagnagrunna og internetið til að stunda rannsóknir sínar, frekar en að heimsækja stofnanir sem geyma upprunalegu sönnunarskjölin.

### **2.3 Kynjaskipting og aldursdreifing**

Iðkendur ættfræði eru oft einstaklingar á miðjum aldri eða eldri. Friðrik Skúlason gat þess í viðtali vegna útgáfu Espólín ættfræðigrunnins að „ættfræðiáhugi kviknaði með aldrinum, eins og hver annar hrörnunarsjúkdómur," (Gísli Pálsson, 2007, bls. 84). Aldurssamsetning

þátttakenda í rannsóknum styður það að áhugamálið höfði meira til eldra fólks en yngra. Kuglin (2004) „Eins og þekktist á alþjóðavísu, eru ættfræðingar á Nýja-Sjálandi, aðallega konur (73%), 51 árs og eldri (87%)". (Kuglin, 2004, bls. 3)

Í bandarískri rannsókn Land (2012) á 887 viðskiptavinum Ancestry.com voru konur 75.7% þátttakanda og algengasti aldurshópurinn var 51-70 ára (62.1%). Lucy, (2015) segir að aldursbil þeirra sem tekið hafi þátt í rannsóknum gefi vísbendingu að almennt séu það einstaklingar 47 ára og eldri sem stundi ættfræðirannsóknir, hins vegar hafi tilkoma internetsins gert það að verkum, að greinin höfði nú betur en áður til yngri aldurshópa. Rannsókn Land (2012) á bandarískum áhugamönnum um ættfræði og fjölskyldusögu gefur til kynna að þátttakendur stundi áhugamálið þrisvar í viku en fyrir tilkomu vefsins hafði meirihluti þátttakenda stundað það tvisvar í mánuði eða sjaldnar (Land, 2012). Hér á landi virðist sem ættfræði hafi, ólíkt því sem þekktist annars staðar, aðallega verið stundað af körlum. Dóra Thoroddsen og Kristín H. Pétursdóttir (1995) komu inn á kynjaskiptingu í grein sinni *Ættfræði og almenningsbókasöfn sem birtist í Bókasafninu*. Þar segir á (bls. 18): “Í gegnum aldirnar hafa gamlir menn, sjaldnar konur, þær höfðu annað við tímann að gera setið, samið og afritað niðjatöl og ættarskrár, héraðssögur og alls kyns fróðleik.”

#### **2.4 Af hverju byrjar fólk að stunda ættfræði?**

Fólksflutningar virðast oft vera kveikjan af ættfræðiáhuga. Fjölskyldur taka sig upp og flytja til annarra landa í leit að betra lífi. Afkomendur virðast oft fá mikinn áhuga á lífi ættmenna sinna í gamla landinu. (Darby og Clough, 2013). Kanadískir afkomendur Íslendinga sem fluttust vestur um haf á síðari hluta 19. aldar eru nærtækt dæmi um slíkan áhuga. Mörg dæmi eru um að líf og afdrif ættmenna í styrjöldum í ókunnugum löndum verði kveikjan af upplýsingaleit afkomenda. Sömuleiðis virðast dauðsföll kalla fram upplýsingaþörf hjá ástvinum viðkomandi (Lambert, 1996). Í rannsókn Shaw (2020) á áströlskum áhugamönnum í fjölskyldurannsóknum kom fram að 44% þátttakenda hófu að stunda ættfræðirannsóknir til að leita svara við ákveðnum spurningum. Þátttakendur hófu rannsóknir ekki til að fá heildarmynd af niðjum sínum, heldur til að afla sér einhverra upplýsinga um ákveðinn forfaðir, í sumum tilfellum upplýsingar um nöfn og staði sem þeir hafa búið á.

### 2.4.1 Ættfræði á Íslandi

Páll Skúlason og Stefán Aðalsteinsson, (1998) segja að ættin hafi verið undirstaða íslenska þjóðskipulagsins, (bls. 15): „Nánir ættingjar voru skyldir að framfæra þá sem voru minnimáttar, erfðarétturinn fór eftir skyldleika á svipaðan hátt sem nú er, menn voru skyldir að verja heiður ættarinnar með hefndum ef efni stóðu til þess og fleira mætti telja. Ættfræði var þá hagnýt vísindagrein og reyndar einhver nauðsynlegasta þekking sem forfeður okkar þurftu á að halda.“

Sennilega er hægt að færa rök fyrir því að öll samfélög hafi sérstöðu, sína siði og venjur og samfélagsgerð, þar sem menning, loftslag og umhverfi hefur mótandi áhrif. Í útvarpsþáttunum Guðmundarkviðu, 2. þætti, var sjónum beint að því sem einkenndi íslensk samfélög fyrri alda.


Íslendingar voru einangraðir. Þeir háðu ekki stríð í öðrum löndum. Fólksflutningar hingað til lands voru sjaldgæfir. Algengara var að Íslendingar héldu til annarra landa til að flýja erfitt ástand heima fyrir og fæstir komu til baka, samanber þann stóra hóp sem nefndur hefur verið Vesturfara og settust að í Kanada og Ameríku. Flestir lifðu í sömu sókn, í skjóli fjölskyldu og skyldmenna. Þá eru upplýsingar frá þessum fyrri tímum frekar fábreytilegar, helst kirkjubækur, sóknarmannatöl auk manntals. Fjölmíðlar voru fáir og flest rit sem prentuð voru fram á 19. öld voru trúarrit. (Guðmundur Ingi Þorvaldsson, 2019).

Algengt var að ættirnar væru raktar frá embættismönnum og öðrum þeim sem eitthvað áttu undir sér. (Guðfinna Ragnarsdóttir, 2005) segir á bls. 15: „Um þá sem minna mega sín stendur oft að af þeim sé aðeins almúgafólk komið og það sjaldnast tíundað nánar. Það er ekki fyrir en menn fara að rita sérstakar ættartölubækur að íslenskar alþýðuættir koma til sögunnar.“ (Guðfinna).

Þrátt fyrir að litlar heimildir sé að finna fyrir 1703, þegar fyrsta manntalið var gert, var ekki óalgengt að menn hefðu metnað til að rekja ættir sínar mun lengra aftur, til landnámsmanna eða erlendra konunga. Dæmi um slíkt er „Ættartala frá Adam til biskups Jóns Arasonar og hans afsprengis“ (Mynd 1: Ættarrit) Síðar hefur verið bætt við ættartalið og ættin rakin til Brynjólfs Sveinssonar, biskups í Skálholti, afkomanda Jóns.

Þeir ættfræðingar sem lögðu grunninn að nútímaættfræði hérlendis voru Ólafur Snóksdalín (1761-1863), Steingrímur Jónsson (1769-1845) og Jón Espólín (1769-1836) en þeir hófu að safna saman ættartölum og setja þær í sérstakt skráningarkerfi (Guðfinna, 2005)





**Mynd 1 Þrjú ættfræðirit 1. Fyrsta ættfræðiritið sem prentað var hér á landi var Niðjatal prestanna Þorvalds Bøðvarssonar og Björns Jónssonar, útfengið af Th. Krabbe 1913. 2. Ættartala og líffsaga biskupsfrúur Þórunnar Ólafsdóttur, sem prentuð var í Kaupmannahöfn 1788. 3. Ættartala frá Adam til biskups Jóns Arasonar og hans afsprengis. Handritið var í safni Árna Magnússonar en er nú á Landsbókasafninu.**

Árið 1913 greinir Suðurland frá útgáfu fyrsta ættfræðiritisins sem prentað var hér á landi, var takmörkuð Niðjatali Þorvalds Bøðvarssonar prests í Holti undir Eyjafjöllum og Björns Jónssonar, prests í Bólstaðarhlíð. (Mynd 1: Ættfræðirit). Í Suðurlandi 19. apríl, 174 segir:

„Þetta mun vera í fyrsta sinni, sem hér á landi er prentuð sú bók, sem eingöngu snertir ættfræði, þó margir hafi ritað stærri ættartölurit. Þeir hafa hvorki átt kost á að gefa þau út né búist við, að það mundi borga sig. Má því telja víst, að mörg slík rit, einkum hin eldri, séu liðin undir lok. Enn, sem fyr, er þjóð vor þó hneigð fyrir ættfræði, sem hvern annan fróðleik og enn á hún góða ættfræðinga, sem rita munu um það efni. Enda er nauðsynlegt að skrásetja niðjatal kynsælla manna, og má þá ekki sleppa utanhjónabandsbörnum, ef þau ná aldri, því þau hafa oft orðið mjög kynsæl. Þeim, sem deyja á barnsaldri, mætti fremur sleppa, ef menn vilja „spara rúm“ (Suðurland).

Í skrá Kristínar H. Pétursdóttur, (1994) yfir ættfræðirit og rit sem tengjast ættfræði eru 1624 titlar. Mörg rita í bókinni tengjast þó ekki ættfræði með beinum hætti en geta reynst ágæt hjálparrit fyrir þá sem leggja stund á ættfræði og fjölskyldusögu. Mesta gróskan í prentun bóka hér á landi var á síðari hluta 20. aldar.

Árið 1945 var Ættfræðifélag Íslands stofnað, í lessal Þjóðminjasafnsins við Hverfisgötu í Reykjavík. Stofnun félagsins virðist ekki hafa vakið áhuga hjá neinu bæjarblaðanna, (Fréttabréf Ættfræðifélagsins, 2002) gerir upphafsárunum í skil í fyrstu lögum félagsins, segir að markmið þess (bls, 20): „sé að efla og útbreiða íslenzka ættvísi og mannfræði og aðrar skyldar fræðigreinar, eftir því sem unnt er á hverjum tíma.“ Fjörtíu manns sátu stofnfundinn, 37 karlar

og þrjár konur. Á vefsíðu félagsins, kemur fram að félagar hafi verið um 400 talsins í ársbyrjun 2018 og Ættfræðifélagið er skilgreint sem hópur áhugafólks um ættfræði, persónusögu og staðfræði. (Ættfræðifélagið, 2021)

#### **2.4.2 Rafrænar upplýsingar**

Tölvu- og fjarskiptatækni boðaði komu sína inn á heimili á 9. áratug síðustu aldar. Stundum er upphaf þessa tímabils miðað við árið 1981, þegar tölvurísinn IBM setti á markað tölvu til einkanota. Tölvunotendur gátu tengst umheiminum með ýmsum takmörkunum þó, því reiknigeta þessara nýju heimilisvina var takmörkuð og flutningsgeta netsins var lítil. Nú, fjórum áratugum síðar, er ágætt tilefni að líta til baka og velta því fyrir sér hverju tæknin hafi áorkað í þágu íslenskrar ættfræði.

Árið 1988 gafst íslenskum áhugamönnum um ættfræði tækifæri til að kaupa aðgang að stafrænu gagnasafni sem hlaut nafnið Espólín. Notendur áttu þess kost að færa rannsóknir sínar inn í grunninn og byggja ofan á þann nafnagrunn sem þar var fyrir. Höfundur Espólín var Friðrik Skúlason en nafngiftina má rekja til þess að sá nafnagrunnur sem fylgdi með forritinu studdist að mestu við ættfærslur Jóns Espólín.

Íslensk erfðagreining og Friðrik Skúlason e.h.f. hófu samstarf um gerð Íslendingabókar árið 1997 meðal annars með það að markmiði að nýta ættfræðiupplýsingar við rannsóknir Íslenskrar erfðagreiningar. Íslendingabók er gagnagrunnur sem hefur verið aðgengilegur á internetinu frá því í janúar 2003.

Á vefsíðu Íslendingabókar segir að grunnurinn hafi að geyma upplýsingar um ættir nær allra Íslendinga sem heimildir eru til um. Þar má finna yfir 900.000 einstaklinga allt frá 9. öld til okkar daga. Um 95% allra Íslendinga sem uppi hafa verið frá því að Manntalið 1703 var skráð hér á landi er að finna í Íslendingabók. Einnig má finna einstaklinga allt aftur til landnáms ef þeirra er getið í heimildum" (Íslendingabók, 2020).

Þjóðskjalasafnið hóf stafræna birtingu á manntölum árið 2001 en þá kom til sögunnar leitarbært aðgengi að manntalinu 1703. Seint á árinu 2009 var opnaður sérstakur manntalsvefur, manntal.is með ellefu manntölum. Nú, þann 15. febrúar 2021, eru manntölin orðin 14 talsins, það nýjasta er manntalið 1920. Á vefsíðu Þjóðskjalasafns, skjalasafn.is er hægt að nálgast upplýsingar úr vefsíðu kirkjubóka, jarðarvef, dómabókagrunn og ýmsar aðrar upplýsingar. (Þjóðskjalasafn, 2019). Leitar aðgengi er til staðar á sumum heimildum, til að

mynda er hægt að leita eftir nafni eða búsetu á manntalsvef en til þess að finna sömu upplýsingar í sóknarmannatali, þá verður notandi að hafa upplýsingar um það hvaða kirkjusókn viðkomandi einstaklingur tilheyrði á ákveðnu tímabili og fletta innan þeirrar skráar til að finna viðkomandi bæ og/eða nafn.

Íslendingabók hefur breytt miklu fyrir áhugamenn um ættfræði. Notendur vefsins fá aðgang að framættum sínum, svo langt sem hægt er að rekja þær og geta kannað skyldleika við alla þá einstaklinga, lífs og liðinna sem skráðir eru í grunninn. Helstu upplýsingar úr manntölum, svo sem fæðingar- og dánardagur, búseta á manntalsárum, hjúskaparstaða og afkomendur eru skráð. Afkomendur í beinan legg geta með einfaldri leit flett þeim upp. Flóknar og tímafrekar ætttrákningar til að finna út forfeður sína og mæður eru því óþarfar. Þá telst það væntanlega vera mikill kostur að hafa slíkan miðlægan grunn, sérstaklega ef hugað er að því að setja inn leiðréttingar og samræma upplýsingar.

Af öðrum vörðum má nefna gagnagrunninn timarit.is, gjaldfrjáls gagnagrunnur með leitarmöguleikum, sem hefur að geyma flest öll dagblöð og tímarit sem gefin hafa verið út hér á landi, gardur.is sem er vefsvæði kirkjugarðanna og hefur að geyma legsstaðaskrá, stafræn ljósmyndasöfn, meðal annars á vegum Ljósmyndasafns Reykjavíkur og Þjóðminjasafns, svo eitthvað sé nefnt. Ef til vill felst þó mesta breytingin í veflægum samskiptum, til að mynda á samskiptamiðlum, þar sem ættfræðingar, sem og aðrir áhugahópar, geta rætt um áhugamál og hjálpast að við ýmsar rannsóknir um hvaðeina sem tengist upplýsingaleit þeirra.

### **2.4.3 Ættfræði sem nám á háskólastigi**

Við vefleit virðist vera sem aðeins tveir háskólar bjóði upp á fullt nám í ættfræði. (Legacytree, 2021, Durie, 2017) Brigham Young University (BYU) í Provo, Utah í Bandaríkjunum býður upp á ættfræði í grunnnámi sem lýkur með BA-gráðu. Um er að ræða staðnám í fjölskyldusögu og ættfræði. Námsgreinar eru sagnfræði (*e. history*), aðferðafræði (*e. methodology*), rithandarfræði (*e. paleography*), ritun (*e. writing*) og hugbúnaðarnám (*e. technical applications*)

Strathclyde háskólinn í Skotlandi býður upp á MSc-nám í ættfræði, palaeografískum og heraldískum fræðum. Að mestu leyti er um fjarnám að ræða. Auk námskeiða gefst nemendur tækifæri á að stunda rannsóknir. Gert er ráð fyrir því að námið taki 1-3 ár en auk náms til Msc gráðu eru styttri námsleiðir í boði (Legacytree, 2021).

Fjöldi stofnana og háskóla býður upp á styttri nám í ættfræði. Í flestum tilvikum er um fjarnám að ræða og því lýkur oft með einhverri námsviðurkenningu (e. *diploma*). Hér á landi hefur Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands af og til gengist fyrir námskeiðum í ættfræði.

Sé tekið mið af því hve fáir háskólar bjóða upp á ættfræðinám, virðist vera að greinin eigi langt í land með að hljóta viðurkenningu innan fræðasamfélagsins. Ættfræði hefur á sér orðspor sem einhvers konar alþýðuvísindi (Durie, 2017). Nógu áhugaverð til að vera kennd á stuttum námskeiðum, í tólmstundaskólum eða í símenntunarnámskeiðum, innan sem utan háskóla, og þá hugsað sem námsefni fyrir eldri nemendur en ekki sem fullgild námsgrein á háskólastigi.

Sú spurning hvort ættfræði eigi að vera fullgild háskólagrein var varpað fram hér á landi árið 1969. Það ár samþykkti Alþingi að stofna prófessorsembætti í Háskóla Íslands. Í greinargerð með lögunum segir að embættið sé tengt við nafn Einars Bjarnasonar, ríkisendurskoðenda. Í Árbók Háskóla Íslands 1968-1969) segir á bls. 180: „Prófessorinn skal taka við störfum æviskrárritara ...., eftir því sem nánar verður fyrir mælt af menntamálaráðuneytinu, að fenginni umsókn háskólaráðs. Hann flytur fyrirlestra við háskólann og hefur þar á hendi kennslu samkv. því, er háskólaráð ákveður sbr. 18. gr. laga nr. 60/1957. Prófessorinn á sæti í lagadeild. Ákvæði 13. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um aldurshámark starfsmanna ríkisins, eiga við embætti þetta“ (Árbók Háskóla Íslands)

Þetta frumkvæði Alþingis, að koma á prófessorsembætti í ættfræði var umdeilt, bæði innan háskólasamfélagsins og utan þess. Upphaflega stóð til að Einar yrði skipaður prófessor við heimspekideild en vegna andstöðu fjögurra kennara í sagnfræði var horfið frá því. Hann gegndi embættinu frá árinu 1969-1977 þegar hann lét af störfum fyrir aldurs sakir. Ljóst var frá upphafi að vilji löggjafans stóð ekki til að prófessorsembætti í ættfræði yrði til frambúðar við skólann, heldur fyrst og fremst rannsóknarembætti, tengt nafni Einars (Gylfi Þ. Gíslason, 1969) sem skyldi falla niður við starfslok hans.

Í Morgunblaðinu 27. apríl 1969 er greint frá lyktum þessa máls. (bls. 8):

Heimspekideild Háskólans lagðist gegn stöðuveitingunni og í ályktun deildarinnar segir meðal annars: „Deildin telur, að enda þótt segja megji, að fræðigrein sú, sem hér er um að ræða, hafi nokkra sérstöðu hérlendis, þá sé hún ekki þess eðlis, að hún geti verið sjálfstæð háskólagrein, með sérstöku prófessorsembætti enda er deildinni ekki kunnugt um, að við nokkurn háskóla, stóran eða smáan, sé prófessorsembætti í greininni né sérstök kennarastaða af öðru tagi.“ (Morgunblaðið, 1969)

Herskovitz, (2016) segir að flestar umræður um að gera ættfræði að akademískri háskólagrein hafa einblínt á kennslu í greininni, fremur en að hún geti orðið lögmætt rannsóknarsvið. Herskovitz leggur til að ættfræði verði flokkuð sem fræðigrein þverfaglegs rannsóknarsviðs. Flokkunarfræði (*e. taxonomy*) samanstendur af sex þáttum: Fólki, fjölskyldum, samfélögum, framsetningu (*e. representations*), gögnum og sjónarhorni fuglsins (*e. birds eye view*).

Til þess að þekkja málefni sem upp koma varðandi fjölskyldur og segja sögur þeirra, þá verða þeir að læra ýmsar aðrar greinar, eins og til dæmis landafræði, sagnfræði, erlend tungumál, kunna að lesa á landakort og landslag og fleira til að gera sér grein fyrir lífi þeirra einstaklinga sem eru til rannsóknar. Í þessu tilliti má segja að ættfræðirannsóknir bjóði upp á þverfaglegt nám fyrir þá sem það stunda. (Herskovitz, 2016). Með sjónarhorni fuglsins, á Herskovitz við þann eiginleika ættfræðinnar að greina hið smáa í samfélögum. Mills (2003) lýsir því þannig: "Þar sem sagnfræðingar mála sögur sínar með breiðum pensli, þá hafa ættfræðingar getu til að teikna upp fínustu smáatriði".

Herskovitz segir að flokkun sín sýni hvernig ættfræði er tengd mörgum öðrum greinum sem fyrir eru, dragi fram sérstök sjónarmið hennar og stuðli þess vegna að því að vera sérstakt fræðasvið. Leggur hún til að að þetta akademíska samfélag verði byggt upp frá grunni, og að fræðimenn úr öðrum námsgreinum muni koma að uppbyggingu sviðsins. (Herskovitz, 2016). Herskovitz og Hardoff-Jaffe (2017) telja ættfræði vera mjög persónulega grein og það kunni að reynast krefjandi að kenna hana. Í ættfræðinámskeið er hægt að kenna hugtök, rannsóknarvenjur, staðla og stjórnun, hvernig finn eigi og meta söguleg gögn og hvernig eigi að nota viðkomandi tækni. (Herskovitz og Hardoff-Jaffe) Durie (2017) hefur kallað eftir því að erfðafræðileg ættfræði (*e. Genetic Genealogy*) verði þverfagleg námsefni á háskólastigi. Hlutverk greinarinnar er að finna einstaklingum stað innan fjölskyldu, þjóðernis og landfræðilegra hópa með greiningu á DNA og túlkun á þeim upplýsingum sem þar koma fram.

Jones (2007), telur að ættfræði, tækniþættir hennar og þekkingargrunnur geri það að verkum að hún henti betur sem verklegt nám en fræðilegt. Jones telur að greininni skorti opinbert aðhald og að háskólanám mundi tryggja vandaðri vinnubrögð á meðal ættfræðinga.

Nokkur samtök hafa unnið við það að votta hæfni þeirra sem stunda ættfræðirannsóknir. Vottunarstjórn ættfræðinga (*e. Board of Certification of Genealogists (BCG)*) var stofnað árið 1964 og Alþjóðanefnd um faggildingu ættfræðinga (*e. International Commission for the*

*Accreditation of Professional Genealogists, (ICapGen)* sem prófar hæfni einstaklinga í ættfræðirannsóknnum og er með starfsemi í 23 löndum. (ICapGen, 2021)

### 3 Upplýsingahegðun. Fræðilegt yfirlit.

Í þessum kafla eru helstu hugtök innan upplýsingafræðinnar skýrð. Kenningar Tom Wilson um upplýsingahegðun, sem samanstendur af þremur þáttum; upplýsingaþörf, upplýsingaleit og upplýsinganotkun sem fjallað er um. Sagt er frá leitarlíkönum Carol Kuhlthau og Marciu Bates. Fjallað er um upplýsingahindranir og hliðverði, flokk rannsókna sem nefnd eru Upplýsingahegðun í daglegu lífi og hugmyndir Reijo Savolainen skýrðar. Í lok kaflans er fjallað um þann fórnarkostnað, sem einstaklingar leggja í við upplýsingaleit og velt vöngum yfir því með ýmsum dæmum, hvort upplýsingaleit, þurfi alltaf að vera kostnaður, jafnvel þó einstaklingar hafi gaman af leitinni.

#### 3.1 Hugtakið upplýsingar

McCreadie og Rice, (1999) benda á að hugtakinu upplýsingar hafi verið beitt á marga vegu í daglegri notkun sem og í rannsóknum. Upplýsingar geta verið auðlind, eða verslunarvara sem hægt er að senda á milli einstaklinga, þær geta verið sjónræn og áþreifanleg fyrirbæri í umhverfinu, þær geta táknað framsetningu á þekkingu í bókum, sjón- eða hljóðkyningum. Upplýsingar geta jafnframt verið hluti af samskiptaferli einstaklinga en túlkun á gögnum í umhverfinu byggist meira á skynjun einstaklingsins á gögnunum, fremur en gögnunum sjálfum.

Martin (1995) segir að innan upplýsingafræðinnar þá fjölgi skilgreiningum og túlkanir á þessu fyrirbæri margfaldast og óhjákvæmilega fái fólk það á tilfinninguna að enginn viti svarið. Martin segir: (bls. 17) „Það rifjar upp fyrir manni söguna um Írann sem var spurður af því hvernig hægt væri að komast á ákveðinn stað. Hann er sagður hafa svarað því til: „Ef ég væri þú þá mundi ég ekki hefja ferðina hérna.“

Martin tekur undir orð Wilson (1981) sem sagði að ef til vill sé það ekki skilgreiningin á hugtakinu upplýsingar sem skipti höfuðmáli, heldur hvernig þær séu notaðar. Samkvæmt Case (2002) eru upplýsingar allt það sem getur haft áhrif á hugarheim einstaklinga. Þær séu einstaklingsbundnar, einstök boð verða túlkuð sem upplýsingar hjá sumum en ekki öllum.

#### 2.1 Upplýsingaþörf

Hugtakið upplýsingaþörf var sett fram 1962 af Robert J. Taylor. Á fyrstu árunum var algengt að rannsaka upplýsingahegðun út frá notendum sem þurftu að sækja upplýsingar til upplýsingakerfa. Taylor lýsti fjórum vitundarstigum notenda sem túlkuðu hversu vel

einstaklingurinn gerði sér grein fyrir þörfinni og hvort hann gæti sett fram fyrirspurn sem upplýsingakerfið gæti afgreitt.

1. Notandi hefur þörf fyrir upplýsingar en þörfin er oft ómeðvituð.
2. Notandi gerir sér grein fyrir þörfinni en getur ekki lýst henni með orðum.
3. Einstaklingur gerir sér grein fyrir þörfinni og getur orðað hana.
4. Einstaklingur er fær um að setja fyrirspurn sína fram á þann hátt að upplýsingakerfið geti brugðist við fyrirspurninni. (Cole, 2012)

Fleiri fræðimenn fylgdu í kjölfarið og fjölluðu um hugtakið upplýsingaþörf. Belkin (1980) setti fram tilgátu sem hann nefndi frávik á þekkingu (*e. Anomalous State of Knowledge, ASK.*) Samkvæmt tilgátunni verður einstaklingur var við að þekking hans á ákveðnum sviðum er ábótavant. Hann uppgötvar frávik eða gat í þekkingargrunni sínum sem þarf að fylla upp í og það orsakar þörf hans eftir upplýsingum.

Dervin, B., (1992) setti fram skynjunarkenninguna (*e. Sense-making theory*). Hún beinist að hegðun notenda gagnvart upplýsingum og hvernig einstaklingar túlka upplýsingar út frá eigin reynsluheimi til að hjálpa sér við að brúa það bil sem þarf til að auka við þekkingu. Skynjun er útfærð með tilliti til fjögurra þátta:


1. Aðstæðna í tíma og rúmi, sem skilgreinir í hvaða samhengi upplýsingaþarfir koma upp.
2. Bil, sem skilgreinir muninn á þeim aðstæðum sem viðkomandi er staddur í og þeim aðstæðum sem hann vill komast í.
3. Niðurstaða, það er að segja afleiðingar skilningsgerðarinnar
4. Brú, það er einhver leið til að loka bilinu milli aðstæðna og niðurstaðna.

Kenning Belkin hvílir á hugrænu mati notandans, á meðan Dervin telur að tilfinningar leiki stærra hlutverk í upplýsingaþörfinni. (Wilson, 1981) hefur bent á að rannsóknir á upplýsingaþörf sé ýmsum annmörkum háð. Ekki sé hægt að fylgjast með hugsunum sem bærast um í höfði notenda og ekki er einu sinni víst að notandinn sjálfur geti gert sér almennilega grein fyrir þörfum sínum. Það sem orsakar upplýsingaþarfir eru tilfinningalegar, vitrænar eða líkamlegar þarfir, eða sambland af þeim. (Wilson, 1981)



### 3.2 Upplýsingahegðun

Tom Wilson (1997, 2000) skilgreinir hugtakið upplýsingahegðun (*e. information behaviour*) sem alla mannlega hegðun í tengslum við heimildir og farveg upplýsinga.



© T.D. Wilson 1996

Figure 1. Wilson's 1996 model of information behavior

#### Mynd 2 Upplýsingahegðun (Wilson, 1997)

Wilson, (1997) nefnir upplýsingaleit að ásetningi (*e. information seeking behaviour*) það ferli sem á sér stað þegar einstaklingur tekur ákvörðun um að afla sér þekkingar um fyrirfram ákveðið efni. Leitinn verður til í framhaldi af þeirri þörf sem er til staðar hjá notandanum til að ná markmið sínu. Leit að ásetningi merkir ekki aðeins að um sé að ræða leit að nýjum upplýsingum, heldur kann leitinn að snúast um að staðfesta eða hrekja upplýsingar sem þegar eru fyrir hendi. Í öðrum tegundum af upplýsingaleit, er leitarferlið ekki framkvæmt með jafn markvissum hætti. (Wilson, 1997) tiltekur þau tilvik þegar einstaklingar nema upplýsingar án þess að hafa beinlínis verið að leita eftir þeim, óháð því hvort þeir hyggjast bregðast við upplýsingunum eða ekki. Þessi tegund upplýsingaleitar getur átt sér stað við ýmsar aðstæður, í samskiptum, í gegnum fjölmiðla og í ýmsum öðrum aðstæðum.

McKenzie (2003) hefur fjallað um mikilvægi þeirra upplýsinga sem fólk rekst á. Hún telur það vera algengt að fólk sé meðvitað um möguleikann á óvæntri upplýsingaöflun. Þessi vitund

gerir það að verkum að fólk er vakandi fyrir því að taka á móti nýjum upplýsingum. Í íslenski rannsókn (Ágústa Pálsdóttir, 2010) kom fram að upplýsingaöflun var oftast tilkomin vegna upplýsinga sem fólk rakst á en vegna leitar að ásetningi. Um var að ræða meginlega rannsókn sem byggði á gögnum frá 2002 og 2007. Þá hefur Fisher (2005) rætt um upplýsingasvæði (*e. information grounds*) en það eru svæði sem geta myndast tímabundið og verið uppspretta upplýsinga fyrir þá sem þangað leita.

Upplýsingaleit getur tekið á sig margar myndir og ýmsar ástæður og aðstæður ráða úrslitum um það hvort einstaklingar nái að finna og nýta þær upplýsingar sem hann sækist eftir. Í grunninn má segja að upplýsingahindranir, séu það sem getur komið í veg fyrir að einstaklingar nái að svara upplýsingapörfum sínum (Wilson (1997, 2000).

Swigon, M, 2011 segir að slíkar hindranir geta almennt verið skilgreindar sem óefnislegar „hindranir sem hindra, tefja eða koma í veg fyrir aðgang að upplýsingum.“ Hindranirnar geta verið utanaðkomandi eða rakið tilvist sína til upplýsingaleitandans sjálfs. Savolainen (2015) segir að ytri hindranir geta verið staðbundnar, það er fjarlægð frá upplýsingum, takmörkun á tíma og loks félags-menningarlegur, sem á til að mynda við um tregðu eða tafir sem tilkomnar eru vegna utanaðkomandi þátta, eins og til dæmis skrifinnsku. Innri hindranir tengjast hæfni upplýsingaleitandans og má skipta í tvo meginflokkar: tilfinningalegar hindranir, sem stafa oftast af neikvæðum tilfinningum eins og ótta við að horfast í auga við upplýsingar sem valda óþægindum hjá upplýsingaleitandanum. Hugrænar hindranir geta einnig falist í því að að vita ekki um tilvist viðeigandi upplýsingaheimilda og lítil færni við upplýsingaleit (Savolainen).

Þó upplýsingapörf sé fyrir hendi, er ekki sjálfgefið að einstaklingar leiti eftir upplýsingum. Sumir einstaklingar geta kosið að forðast upplýsingar (*e. information avoidance*), ef þeir telja að þær geti komið þeim úr andlegu jafnvægi. Slíkt er vel þekkt í heilsufarsrannsóknum. Case, og fleiri (2005) segja að hluti krabbameinssjúklinga forðist niðurstöður úr skimunum.

Nahl, (2004) setti fram Tilfinningaálagsskenninguna (*e. Affective load theory*) en það er félagslegt atferlissjónarhorn sem notað er til að útskýra hvaða áhrif tilfinningar geta haft á upplýsingahegðun. Kjarni þeirrar kenningar er sá að tilfinningar hafa áhrif á rökhugsun.

Jákvæðar tilfinningar, eins og bjartsýni hafa ákveðna hvatningu í för með sér, neikvæðar tilfinningar hafa letjandi áhrif og leiða oft til upplýsingaleitandinn fyllist vonleysi og missir trú á að leitin skili árangri. Val um ólíka kosti, óvissa eða mikið upplýsingamagn getur aukið álag. Ef tilfinningalegt álag er sterkt, til að mynda val um ólíka kosti eða mikið upplýsingamagn eða

Óvissa, getur það torveldað leit og orsakað tilfinningalega hegðun sem er neikvæð og gagnvirk. Til dæmis, þegar leitarmenn missa hvatann til að halda áfram verkefni, missa þeir sjónar á því og hugsanir reika í aðrar áttir (Nahl, 2004).

Notkun upplýsinga (*e. information use behavior*) er lokapátturinn í upplýsingahegðun. Notkun upplýsinga samanstendur af líkamlegum og hugrænum athöfnum sem eiga þátt í því að flétta fengnar upplýsingar saman við þá þekkingu sem fyrir er hjá einstaklingnum (Wilson, 2000).

### 3.3 Upplýsingalíkön

Fjölmörg upplýsingalíkön hafa verið sett fram en kostirnir við líkön er sá að hægt er að gera sér grein fyrir framvindu upplýsingaleitarinnar. Sum líkön sýna aðgerðir og skýra út þær hugrænu aðferðir sem upplýsingaleitendur beita. Dæmi um slíkt er Berjatínslulíkan Bates (1989) sem lýsir notanda sem stendur fyrir framan berjalyng og velur þau ber sem honum finnst vera girnilegust. Í þessari myndlíkingu stendur hvert ber fyrir rafrænan upplýsingavalkost. Líkanið er hugrænt líkan og lýsir aðgerðum notanda sem þarf að sækja sér upplýsingar úr upplýsingakerfi, nánar tiltekið því sem flestir mundu nefna hefðbundna leit í leitarvél. Notandinn stendur frammi fyrir mörgum valkostum og leit hans er ekki línuleg, þar sem þær upplýsingar sem hann velur kunna að hafa áhrif á það hvaða upplýsingar hann kys að nota næst. Því má bæta við að líkan Bates var sett fram árið 1989, áður en fyrstu leitarvélarnar komu fram á sjónarsviðið en það var ekki fyrr en í byrjun tíunda áratugs síðustu aldar að fyrstu leitarvélarnar komu fram á sjónarsviðið (Vaughan-Nichols, 2017).

Önnur líkön eru heilstæðari, það er þær tengja aðgerðir í leitarferlinu ekki aðeins við hugsanir heldur einnig við tilfinningar. Það eykur skilning okkar á leitarferlinu og þeim sveiflum tilfinninga og hugsana sem eiga sér stað. Fyrir þá sem hanna upplýsingakerfi gefur hvers konar óvissa og hindranir í ferlinu til kynna hvar rétt sé að grípa inn í, til þess að viðskiptavinurinn lendi ekki í sjálfheldu og gefist upp í leit sinni.

Carol Kuhlthau (1991, 1993) setti fram líkan sem kallast óvissulögmálið (*e. Principle for uncertainty*) og er sex þrepa. Hún byggir meðal annars á rannsókn sinni á raunverulegu verkefni nemenda í efri bekkjum grunnskóla, þar sem hún fylgist með aðgerðum þeirra, þankagangi og tilfinningum. Kuhlthau sýnir aðgerðir nemenda, undirbúningur (*e. task initiation*), val á viðfangsefni (*e. selection*), öflun bakgrunnsupplýsing (*e. prefocus exploration*), skilgreining viðfangsefnis (*e. focus formulation*), söfnun upplýsinga (*e. collection*) og loks framsetningu og lok leitarferlis (*e. presentation/search closure*). Helsta niðurstaða óvissulögmálsins er að óvissa, bæði tilfinningaleg og vitræn, sé mikil á fyrstu stigum leitarferlisins og að líta beri á óvissu sem eðlilegt ástand sem fylgi leitarferlinu. Algengt er að upplýsingaleitendur séu kvíðnir og hugmyndir og hugsanir óljósar í upphafi. En þeir verði ánægðari og öðlist meira sjálfstraust, eftir því sem þeir ná að afla meiri upplýsinga og vinna úr þeim og þar með ná þannig betri tókum á efninu.




Figure 2.2. Model of the Information Search Process.

### Mynd 3 Upplýsingaleit (Kuhlthau, 2004)

## 3.4 Rannsóknir á upplýsingahegðun í daglegu lífi

Hægt er að skipta rannsóknum á upplýsingahegðun í tvo meginflokka. Annars vegar rannsóknir sem gerðar eru á upplýsingahegðun einstaklinga í námi eða starfi. Hinn flokkurinn samanstendur af rannsóknum á upplýsingahegðun í daglegu lífi (*e. Everyday life information seeking – (ELIS)*). Rannsóknir í síðarnefnda flokknum fjallar um það hvernig fólk nálgast og notar ýmsar upplýsingaveitur, til að mynda til að mæta upplýsingaþörfum sínum á sviðum eins og heilsu, neyslu og tómstundum.

Savolainen (1995) skiptir upplýsingum í flokka, eftir því á hvaða hátt þær nýtast upplýsingaleitandanum. Hagnýtar upplýsingar (*e. practical informations*) eru upplýsingar sem einstaklingar þurfa til að geta sinnt störfum, námi og ýmsum athöfnum daglegs lífs. Framandi upplýsingar (*e. orienting information*) eru upplýsingar sem einstaklingar nota til að auka við skilning sinn.

Samkvæmt skrifum Savolainen, leitast allir einstaklingar við að finna ákveðna forgangsröðun á því hvernig þeir nýta tíma sinn, haga neyslu sinni og hvaða frístundum þeir kjósa að taka þátt í. Savolainen segir að í upplýsingahegðun daglegs lífs móti einstaklingar sína eigin stefnu með ákvörðun sínum og þær miða að því að hafa lífið í eðlilegu ástandi, eins og þeir skynja að það eigi að vera. Með „eðlilegu ástandi“ er átt við það að einstaklingar taki ákvarðanir út frá hugrænni afstöðu sinni og val þeirra byggir á forgangsröð, svo lengi sem þeim finnst hún hafa þýðingu. Aðstæður fólks, gildismat, fjárhagur, félagsnet, menningarleg og vitræn staða og núverandi aðstæður (heilsa) hafa áhrif á upplýsingahegðun. Savolainen skiptir einstaklingum í fjóra hópa eftir huglægu viðhorf þeirra. Hann dregur fram fjórar víddir: hið bjartsýna – vitsmunalega (*e. optimistic–cognitive*), svartsýna – vitsmunalega (*e. pessimistic–cognitive*), varnar-tilfinnanlega (*e. defensive–affective*) og svartsýna-áhrifamikla (*e. pessimistic–affective*). Þetta eru víddir þar sem upplýsingaleitendur treysta annað hvort mjög á jákvæðar niðurstöður við lausn vandamála, viðurkenna möguleikann á engri lausn, forðast aðstæður sem fela í sér hættu á að gera mistök, eða temja sér úrræðaleyshæðun. Þessar áhrifamiklu víddir upplýsingaleitar, skilningarvit, upplýsingasjónarmið og upplýsingaleitarferlar rekast á í upplýsingaleit í daglegu lífi (Savolainen, 1995).

### 3.5 Hlutverk hliðvarða

Hliðverðir kallast þeir sem veita öðrum upplýsingar. Val upplýsingaleitanda á hliðvörðum, byggist oft á félagslegum aðstæðum. Algengt er að þeir tengist og hliðvörðurinn er valinn sökum þekkingar sinnar á ákveðnu málefni. (Lu, 2007). Upplýsingar eru yfirleitt taldar traustari ef upplýsingaleitandinn þekkir upplýsingagjafann og hefur góða reynslu af honum. Annar kostur þess er sá að upplýsingar eru oft sniðnar að þörfum upplýsingaleitandans

Samkvæmt könnun Savolainen, (1995) kjósa einstaklingar fremur óformlegar heimildir og þeir leita sjaldnar til almenningsbókasafna eftir aðstoð til að leysa vandamál í daglegu lífi. Í rannsókn Ágústu Pálsdóttur (2005) á upplýsingahegðun íslenskra ellilífeyrisþega, kom fram að

einstaklingar kjósa að fá upplýsingar um heilsu frá fólki sem það þekkti, fremur en frá þeim sem hafa betri þekkingu á viðkomandi máli, eins og heilbrigðisstarfsfólki. Oftast er þó hliðvörður valinn sökum þekkingar sinnar á ákveðnu málefni. (Lu, 2007)

Barzilai-Nahon (2008) segir að einstaklingar fái jafnan stóran hluta upplýsinga í gegn um fjölmiðla (e. *Network gatekeeping*). Sem dæmi um slíka hliðvörslu getur verið aðili sem birtir efni á samfélagsmiðlum til þeirra sem fylgja honum, eða ritstjóri fréttamiðils sem ákveður hvaða fréttir eru valdar til birtingar. Í báðum tilfellum ákveða þessir aðilar hvaða upplýsingar eru valdar til birtingar og hverjum er sleppt.

### 3.6 Kostnaður eða ábati af upplýsingaöflun?

Einstaklingar sem þurfa að afla sér upplýsinga hafa oft á tíðum val um það hvernig þeir afla þeirra. Samkvæmt lögmáli Zipf, (1965) hefur einstaklingur sem leitar upplýsinga tilhneigingu til að nota þá leitarferð sem hann er kunnugastur og er minnst krefjandi fyrir hann. Hann hættir leitinni þegar lágmarkskröfum hans um viðunandi upplýsingar er uppfyllt. Case, (2005), telur að lögmál Zipf sé meginregla og hægt sé að smíða kenningar í kringum þær forsendur sem koma fram í kenningunni. Reglan sé hins vegar mjög almenn og eigi ekki fortakslaust við í öllum tilvikum.

Lögmál Zipf var sett fram í málvísindum en keimlíkar kenningar sem ganga út á kostnað við upplýsingaleit er að finna í ýmsum greinum. Stigler, (1961), setti fram kenningu um hagfræði upplýsinga. Hann ályktaði, að þegar upplýsingaleitandi teldi að valkostir á upplýsingum væru svipaðir þá mundi leitarviðleitni minnka. Kenning Stigler sver sig í ætt við áhættu/umbun (e. *Risk reward*) kenningar innan hagfræðinnar sem ganga út á það að því meiri kostnað sem lagt er í, því meiri þarf umbunin að vera. Áhættan felst í því að upplýsingar sem leitandinn nær séu ekki jafn verðmætar fórnarkostnaðinum við að afla þeirra. Kostnaður er í þessu tilfelli, fé, tími og það líkamlega og sálræna erfiði, sem einstaklingur lagði á sig í leitarferlinu.

Eins og fram kemur hjá Zipf og Stigler, þá fylgir því ákveðinn fórnarkostnaður að afla upplýsinga. Tími og fjármunir eru takmarkaðar auðlindir, það er óumdeild staðreynd. Eini ábatinn í dæmum þeirra beggja eru upplýsingarnar sjálfar. En hvernig horfir dæmir við ef upplýsingaleitendur hafa ánægju af leitinni?

Rennsliskenning (e. *Flow Theory*) á rætur sínar að rekja í jákvæða sálfræði. Kenningin er þróuð af Mihaly Csikszentmihalyi sem leitast við að skýra andlegt ástand sem á sér stað þegar

einstaklingar verða ákafir þátttakendur og svo niðursokknir í athafnir að þeir gleymi algjörlega stund og stað. Fólk í þessu andlega ástandi skýrir frá því að það upplifi tilfinningar um mikla ánægju og uppfyllingu. Þessari kenningu hefur verið beitt á ýmsum sviðum sem leið til að bæta reynslu manna og auka þátttöku í ýmsum athöfnum. Sýnt hefur verið fram á í rannsókn að notendur hafi upplifað þessar tilfinningar við leit á internetinu. (Naumer, 2006) Í rannsókn Mansourian, (2019) kemur fram að þeir sem stundi umfangsmikið tómskundastarf líti ekki á upplýsingaleit sem tengist áhugamáli sínu sem leiðinlegt verkefni sem þarf að klára, heldur hafi þeir ánægju af leitinni.

#### 4 Upplýsingahegðun ættfræðinga - fræðilegt yfirlit.

Í þessum kafla er sagt frá helstu kenningum sem lúta að upplýsingahegðun þeirra sem stunda ættfræði og fjölskyldusögu. Sagt er frá skilgreiningu félagsfræðingsins Robert A. Stebbins á umfangsmiklu tómstundastarfi og mismunandi upplýsingaþörf þeirra sem stunda ættfræði og fjölskyldusögu. Skoðaðar eru rannsóknir á upplýsingaleit og fjallað um kenningar Ronald Lambert, á því hvernig þeir skynja upplýsingar úr fortíðinni, meðal annars með því að tengjast forfeðrum og formæðrum sínum. Þá eru áhrif rafrænna heimilda rakin á upplýsingaleitina.

Segja má að allt fram til ársins 2003 hafi upplýsingahegðun þeirra sem stunda ættfræði og fjölskyldusögu verið mjög lítið rannsökuð. Þetta var þrátt fyrir mikið návígi upplýsingafræðinga og skjalafræðinga við þennan áhugahóp, sem leitaði í heimildir safnanna og var stór hluti af viðskiptavinum þeirra. Það sem helst skorti var skilgreining á þessum hópum sem hægt væri að byggja á. Þeir hópar sem voru helst rannsakaðir voru hópar, sem gjarnan eru kallaðar jaðarhópar og búa við annan félagslegan veruleika en obbi fólks. Dæmi um slíkar rannsóknir eru til að mynda etnografískar rannsóknir Elfrediu Chatman á upplýsingahegðun kvenkyns refsifanga og útigangsfólks seint á níunda áratug síðustu aldar og byrjun þess tíunda (Fulton, 2005).

Hartel (2003) vakti athygli á að upplýsingahegðun þeirra hópa sem stunda áhugamál væri nær aldrei skoðuð og hvatti til þess upplýsingahegðun þeirra, sem fengjust við umtalsverða tómstundaiðkun yrði rannsökuð oftar. Sem umgjörð fyrir slíkar rannsóknir, benti Hartel á skilgreiningar félagsfræðingsins Stebbins, (1994). Stebbins skilgreindi tómstundastarf í hversdagslegt tómstundastarf (*e. casual hobby*) og umfangsmikið tómstundastarf (*e. serious hobby*) og taldi Hartel hópa sem féllu undir síðarnefndu skilgreininguna geta verið hentugt viðfangsefni fyrir þá sem rannsaka upplýsingahegðun.

Stebbins skilgreindi umfangsmiklar tómstundir sem kerfisbundna ástundun áhugamanns, eða sjálfboðaliðstarf, sem er nægjanlega umtalsverð og áhugaverð í eðli sínu til þess að þátttakandinn geti fundið starfsferil þar í öflun og tjáningu. Þeir sem stunda umtalsverðar tómstundir ná oft að samvinna sérstakar færni, þekkingu og reynslu og hljóta oft félagslega umbun fyrir störf sín (Stebbins, 1994).



#### 4.1 Fjölskyldusaga snýst um að auka skilning.

Yakel (2004) gerði skýran greinarmun á upplýsingabörf þeirra sem stunduðu ættfræði og fjölskyldusögu. Þátttakendur í rannsókn hennar var áhugafólk, með misjafna reynslu og færni. Samkvæmt niðurstöðum Yakel snerist ættfræði um leit að staðreyndum í manntölum, kirkjubókum og öðrum opinberum gögnum en fjölskyldusaga snerist að miklu leyti um að finna upplýsingar í þeim tilgangi að auka skilning á ættfólki sínu og ævi þeirra.

Rannsókn Lambert (1996) sýnir að ættfræðirannsóknir geta verið félagsleg upplifun (*e. social experience*). Ættfræðingar taka þátt í félagsstarfi, þar sem tilgangurinn er að miðla upplýsingum og leita eftir hjálp frá öðrum um heimildir og hjálp við rannsóknir. Upplýsingamiðlun er ekki aðeins félagsleg skemmtun heldur er lögð áhersla á gæði þeirra upplýsinga sem deilt er. Einstaklingar í samfélögum geta verið flokkaðir af öðrum meðlimum samkvæmt skynjaðri gagnsemi og hjálpsemi upplýsinganna sem þeir deila og valdir til frekari samskipta út frá því. Upplýsingamiðlun getur teygst sig út fyrir nánustu fjölskyldu og ættingja til víðtækari ættfræðisamfélaga og samskipti myndast á öðrum sviðum.

Ættfræðingar og fjölskyldusagnfræðingar hafa tengsl og greinilega hlutverk innan fjölskyldna þeirra. Lambert (2002) hefur skilgreint þá sem einskonar minnis-starfsmenn (*e. memory workers*) Hlutverk þeirra sé að byggja upp og halda utan um sameiginlegar minningum fjölskyldunnar. Ættfræðingar og fjölskyldusagnfræðingar litu sjálfir á stöðu sína sem mikilvægan hluta af sjálfsmynd þeirra og nauðsynlegt hlutverk í innan fjölskyldunnar. (Sinko og Peters, 1983). Sem slíkir voru þeir báðir upplýsingaleitendur og merkingarhöfundar.

##### 4.1.1 Hvað veldur því að menn byrja að stunda rannsóknir á ættfræði og fjölskyldusögu?

Í rannsókn Darby og Clough (2013) kom fram að ósvaraðar spurningar um liðna ættingja, t.d. um herþjónustu forföður voru oft kveikjan að fjölskyldurannsóknum. Breyttar aðstæður rannsakanda, til að mynda aukinn frítími við starfslok, eða betra aðgengi að upplýsingum, átti oft þátt í að rannsókn hófst. Lambert (2003) segir að sorg vegna dauða ástvina eigi oft þátt í því að fólk hefji ættfræðirannsóknir. Oft fletti menn í gegn um ljósmyndir og skjöl sem tengjast hinum látna og síðan haldi þeir leitinni áfram. Herskovits og Jaffe (2017) segja það athyglisvert að sumir þátttakendur í eigindlegri rannsókn þeirra, gátu nefnt stað og stund þegar það gerðist, eins og um mikilvægan viðburð eða þáttaskil í lífi þeirra væri að ræða. Herskovits og Jaffe (2017), segja að hægt sé að skipta þessum kveikjum í tvo meginflokka: Einstaklingur lætur

undan langvarandi ástríðu og hinn er þegar notandinn viðurkennir fyrir sjálfum sér skort á þekkingu og hefur leit að upplýsingum.

Saar (2002) segir að ættfræði snúist um að búa til frásögn úr hlutum og fyrirbærum, sem ekki sér ekki neina sögu áður. Fólk, staðir og atburðir sem opinberast í ættfræðifrásögnum hjálpar rannsakandanum að skilja, tjá og tengjast sjálfum sér. Það er frásögn af því hvernig utanaðkomandi öfl móta einstakling og því saga um eigin tilvist.

#### **4.2 Að búa til myndir úr fortíðinni og þjappa saman tímanum**

Í rannsókn félagsfræðingsins Lambert (2002) á áströlskum afkomendum sakamanna kom fram að margir sýndu tilfinningar og samkennd til forfeðra sinna. Algengt var að þátttakendur finndu málsbætur fyrir þá forfeður sína sem brotið höfðu lög, með því að benda á óréttlæti dóma, fjarlægð í tíma og að þeir hefðu bætt ráð sitt að lokinni refsingu.

Lambert (2003) taldi að ættfræðingar hefðu ýmsar leiðir til að búa sér til myndir af fortíðinni. Rannsóknir þeirra kunna að uppfylla löngun þeirra til að þekkja forfólk sitt sem manneskjur, skilja lífsgildi þeirra og ætlunarverk og styrk og veikleika þeirra.

Lambert (2003) telur að ættfræðin sé leið fyrir einstaklinga til að búa sér til táknræna fortíð í gegnum ættfólk sitt. Lambert tiltekur þrjú stig, Lýsandi stig (*e. descriptive mode*), frásagnastig (*e. narrative mode*) og tilraunastig (*e. experiential mode*), um hvernig þessi endurgerð á sér stað. Lýsandi leið er samkvæmt Lambert safn staðfesta upplýsinga um forfeður. Frásagnarhátturinn kannar og þróar sögur sem hjálpa til við að búa til mynd af forfeðrunum. Tilraunastig veitir tækin sem virka sem sönnunargögn við uppbyggingu forfeðra. Með því að sameina þessa þætti myndast vitræn, tilfinninga- og vitsmunaleg þekking sem framkallar táknræn tengsl milli forfeðra og ættfræðinga sem rannsaka þau.

Lambert skipti ættfræði í fjóra þætti sem miðuðust að því að ná að þekkja ættfólk sitt og gera sér kleift að skilja gildi þeirra í lífinu og ætlunarverk og einnig að skilja persónuleika þeirra, styrkleika sem veikleika.

1. Að þjappa saman tíma. Hægt er að líta á 200 ár með því að skoða upplýsingar um lífshlaup örfárra forfeðra. Tíminn verður þar að leiðandi ekki jafn fjarlægur og ópersónulegur.

2. Að líta á forfeður sem eins konar inngang að eigin lífssögu hjálpar til við að eyða tilfinningu um að líf þeirra sjálfra sé stutt og ómerkilegt.
3. Í þriðja lagi, með því að kynna fjölskyldusögu sína gefst ættfræðingum tækifæri til að eiga tilvist út fyrir gröfina, þó ekki væri nema í frásögnum þar sem þeirra og ættingja þeirra er minnst.
4. Í fjórða lagi er dauðinn settur í stærra samhengi en áhrif þess eru að gefa í skyn að ferð dauðans sé ekki farin ein, heldur sé hann í félagsskap annarra sem „tilheyra“ hvert öðru (Lambert, 2003).

### 4.3 Þekking á öðrum sviðum

Yakel komst að því að upplýsingaleitin væri ferli sem ætti sér ekki endapunkt. Upplýsingar sem komu upp á yfirborðið í leitinni vöktu upp nýjar spurningar, sem kölluðu oft á nýja leit Leit að forfjölskyldum byggist á flóknu og endurtektarsömu ferli. Yakel komst að því að margir þátttakendur öfluðu sér nýrrar þekkingar á sviðum sagnfræði og landafræði. Slíkar bakgrunnsupplýsingar hjálpuðu til við að finna ítarlegri upplýsingar um einstaklinga gerðu þeim auðveldara fyrir að nýta mismunandi heimildir til að afla upplýsinga. Kuglin (2004) og Lucas, (2008) fundu út að áhugamenn um ættfræði eru einnig reglulegir gestir á bókasöfnum. Það gefur vísbendingar um að drjúgur hluti hópur ættfræðinga noti önnur upplýsingasöfn til að svala upplýsingaþörfum sínum á öðrum sviðum. Í upplýsingaleit sinni virtust þeir tengja skjalasöfn við það hvaða heimildir söfnin höfðu upp á að bjóða.

Þær Duff og Johnson (2003) framkvæmdu fyrstu rannsóknina á upplýsingaleit ættfræðinga á skjala- og bókasöfnum. Um eiginlega rannsókn var að ræða og þátttakendur voru tíu reyndir ættfræðingar, sem flestir höfðu atvinnu af ættrakningum.

Oftast var leitað að staðreyndum um einstaklinga og þá var leitað eftir nafni og stað og leitinn flokkuð eftir dagsetningu. Mikið var um endurtekningar í leitinni. Þeir notuðu oft sömu aðferðir sem þeir endurtóku í hvert sinn sem þeir leituðu nýrra upplýsinga. Þegar leit reyndist árangurslaus, áttu þátttakendur ekki í neinum vandræðum með að breyta um aðferðir. Þátttakendur voru mjög fróðir um landsvæði og tímabil sem tengdust leit þeirra en notuðu landakort til að bera kennsl á nöfn. Samskipti við aðra ættfræðinga voru mikilvæg og þeir reiddu sig frekar á hjálp frá þeim heldur en að leita til skjalavarða á söfnunum. Í rannsókn Duff

og Johnson kom fram að algengt var að ættfræðingar söfnuðu eins miklum upplýsingum eins og þeir gátu, nöfnum, dagsetningum og búsetuupplýsingum yfir alla þá fjölskyldumeðlimi sem þeir gátu fundið. Þess konar rannsóknir hafa þann tilgang að draga fram einskonar yfirlitsmynd af fjölskyldum, eins og til að mynda er gert með því að færa upplýsingar inn í ættartré eða ættarbækur (Duff og Johnson).

Í upplýsingalíkani Darby og Clough (2013) sem þeir byggja á blandaðri rannsókn á ensku áhugafólki sem var að stíga sín fyrstu skref í ættfræðirannsóknum, komust þeir að því að þátttakendur fóru kerfisbundið í gegn um átta stig: 1. atburður sem kveikir þörf (*e. trigger event*), 2. söfnun fjölskylduupplýsinga, 3. læra ferlið, 4. útbúa ættartré, 5. hengja á tré – létt, 6. hengja á tré – miðlungs, 7. hengja á tré – erfitt, 8. farið yfir völd nöfn.

Fulton (2009) rannsakaði írsku fjölskyldusagnfræðinga og komst að því að jákvæðar tilfinningar spiluðu stórt hlutverk í upplýsingaleitinni. Þátttakendur lýstu áhuga sínum sem jákvæðri þráhyggju, þeir voru mjög áhugasamir rannsakendur, spenntir í að takast sjálf á við rannsóknarstörf. Skjótara aðgengi að upplýsingum með tilkomu internetsins virtist auka við spennuna sem fylgdi upplýsingaleitinni og ástríðu fyrir áframhaldandi rannsóknum.

#### 4.4 Rafræn heimildaleit

Í flestum rannsóknum á upplýsingahegðun virðist því ekki vera neinn sérstakur gaumur gefinn hvort upplýsingar eru sóttar í efnislegar upplýsingalindir eða með rafrænum hætti. Yfirleitt eru þetta sömu heimildirnar, stafræn útgáfa af manntalsskrá eða af kirkjubók sem hægt er að ná í veflægt, geymir nákvæmlega sömu upplýsingar og upprunalegu eintök þessara skjáa sem geymd eru á þjóðskjalasafni. Í rannsókn Fulton (2009) kemur þó fram að svo virðist sem skjótara aðgengi að upplýsingum með tilkomu internetsins hafi aukið við spennuna sem fylgdi upplýsingaleitinni.

En þó heimildirnar kunni að vera þær sömu, hvort sem um er að ræða efnislegt skjal á skjalasafni eða stafrænt afrit á vefsíðu, getur verið stór munur á hvernig leitinni er háttað. Þeir sem leita að skjölum á efnislegu skráarsafni eru bundnir af skipulagi safnsins og það getur haft áhrif á það í hvaða röð er leitað að heimildum. Þeir sem leita heimilda á vefnum hafa auðveldara aðgengi, sérstaklega þar sem notendur hafa leitaraðgengi að upplýsingum. Yakerl, (2004b) bendir á að með færslu frumheimilda frá efnislegum söfnum og yfir á vefi þurfi að efla skjalalæsi notenda. Skilgreina þurfi þá grunnhæfni sem þurfi að vera til staðar hjá þeim

Niðurstöður Taylors (2012) benda til þess að þetta sé rétt en í niðurstöður úr könnun á upplýsingaleit þúsaldarkynslóðarinnar, þátttakendur fæddir á árunum 1982-2000, leiddu í ljós að leitaraðferðum þeirra væri ábótavant. Í rannsókn (Land, 2012) gáfu notendur internetinu háa einkunn fyrir notagildi og aðgengi en höfðu minna traust á þeim heimildum, sem þær fengu þaðan.

Belushin (2017) segir að lýsingu Bates á upplýsingaleit, sem hún setti fram í berjatínlulíkani sínu, sé hægt að heimfæra á leit áhugamanna um ættfræði og fjölskyldusögu. Þeir leiti að margvíslegum heimildum, bæði á netinu og með því að ráðfæra sig við aðra. Notendur velja þær heimildir sem eru mest lofandi hverju sinni. Í rannsókn Land (2012) kemur fram að einstaklingar stunduðu ættfræðirannsóknir mun oftár með tilkomu rafrænna heimilda. Meirihluti þátttakanda í könnun Land stundaði ættfræðirannsóknir þrisvar sinnum eða oftár í viku. Fyrir tíma internetsins, stundaði sami hópur rannsóknir tvisvar í mánuði eða sjaldnar. Samskipti á meðal ættfræðinga hafa einnig aukist með tilkomu internetsins og eru orðin mun tíðari en áður.

Í spurningakönnun Lucy, 2015, kemur fram að áhugamenn um ættfræði séu greinilega farnir að nota nýrri tækni og verkfæri, eins og hugbúnaðarforrit. Þeir séu einnig farnir að sækja upplýsingar á vefnum, bæði á opnum vefsvæðum og áskriftarsíðum og farnir að taka samskiptamiðla í þjónustu sína. Upplýsingastjórnun er stór þáttur í vinnu þessa áhugahóps. Notendur nýttu sér sérstök ættfræðiforrit og rituðu upplýsingar sem þeir komust yfir og frásagnir af ættfólki sínu.

Þrátt fyrir það séu þeir ennþá að nota hefðbundnari heimildir, eins og bækur og tímarit. Flestir hinna 425 þátttakendur í könnun Lucy voru félagar í ættfræðifélögum, sem studdust einnig við hefðbundnari heimildir. Meirihluti þátttakenda notuðist jafnframt við ættfræðiforrit. Vinsælasta áskriftarsíðan var Ancestry.com og þær ókeypiss vefsíður sem þátttakendur nýttu sér oftast voru leggsstaðagagnagrunnurinn Find a grave og FamilySearch.

#### **4.4.1 Notendalæsi og upplýsingahindranir**

Í rannsókn um upplýsingaöflun í skjalasöfnum töldu þær Yakel og Torres (2003) að notendur treystu á þrenns konar sérfræðipekkingu við rannsóknir á frumheimildum. Þessar þrjár tegundir voru þekking á efnissviði (e. domain knowledge), skjalalæsi (e. artifactual literacy), og þekking á safninu og uppbyggingu þess (e. archival intelligence). Fleiri rannsóknir sem tengjast

læsi á sviði ættfræði og fjölskyldusögu hafa komið fram. Rannsóknin Duff og Johnson (2003) sýndi einnig að þeir ættfræðingar sem leiknari voru áttuðu sig á því með því að auka þekkingu á skjalakostinum og samfélagsgerð á þeim tíma sem þeir leituðu á, því betur gekk þeim að þekkja hvaða heimildir muni gefa bestu upplýsingarnar. (Duff og Johnson). Friday (2014) taldi þátttakendur í rannsókn hennar sýna mjög gott upplýsingalæsi sem sérstaklega kom í ljós þegar að breyta þurfti um aðferðir í upplýsingaleit. Barefoot (2018) hefur bent á að svokallað lausnarleitarnám (*e. problem based learning*), þar sem einstaklingar fást við að leysa vandamál eða þrautir stuðli oft að auknu sjálfstrausti leitanda og þjálfun í rökhugsun. Í sumum tilfellum kann hins vegar að vera að upplýsingaleitendum skorti nægjanlega yfirsýn til að geta hafið leit. Í rannsókn Duff og Johnson (2003) kom fram að leit að ættfræðiupplýsingum væri mjög sérhæfð. Skjalasöfn eru sjaldnast hönnuð með þarfir þessa áhugahóps í huga. Til að finna upplýsingar um einstaklinga þarf oft að leita í nokkrum mismunandi söfnum og skráum og hafa upplýsingar um búsetu einstaklinga á mismunandi tímabilum. (Duff og Johnson) Þegar þátttakendum tókst að finna nafn einstaklings í skjalaskrá, gátu þeir staðið frammi fyrir öðrum úrlausnarefnum, sérstaklega þar sem oft má finna marga alnafna í skjalaskránum. Þeir þurftu þá að breyta um aðferðir og stundum að takast á við tímafrekari aðgerðir eins og að kanna bakgrunnsupplýsingar þeirra sem til greina komu í borgarskrám.

#### 4.4.2 Tilgangur ættfræðinga

Fjölmörg líkön hafa verið sett fram um upplýsingaleit enda getur leit að upplýsingum verið framkvæmd á margvíslegan hátt og verkefnin sem rannsökuð eru geta verið ólík.

Hægt væri að yfirfæra líkan Kuhlthau á sumar ættfræðirannsóknir. Francis (2004) yfirfærði rannsókn Kuhlthau (1991) á upplýsingaleit yfir á reynslu hennar af fjölskyldurannsóknum og hannaði upplýsingarleitarferli ættfræðinga (*e. genealogist search behaviour*). (Mynd 3: Leitarferill Kuhlthau) Þegar leitandinn kemst á það stig að geta ekki lengur aflað nákvæmra upplýsinga þarf hann að fara til baka á fyrri stig leitarferilsins, endurskoða þær upplýsingar sem liggja fyrir og ákvarða hvernig framhaldinu eigi að vera háttað (Francis, 2004, 22). Kuhlthau gerir ráð fyrir því í sinni kenningu að leitendur séu óöryggir í upphafi en finni fyrir meiri fullnægju eftir því sem líður á leitarferlið. Francis sagði að þessu gæti háttað öðruvísi við fyrir ættfræðinga, sem ef til vill finndu aldrei þær upplýsingar sem þeir leituðu að og upplifðu því ekki jákvæðar tilfinningar við lok leitar. Fulton (2009) bendir einnig á að flestar heilstæðar

kenningar og líkön byggja á rannsóknum á skólafólki. Eldra fólk, til að mynda áhugamenn um ættfræði kunna að upplifa hlutina á annan hátt (Fulton).

Önnur líkön eru oft einfaldari, samanber Berjatínslulíkan Marciu Bates (1989) sem líkir eftir rafrænni leit, þar sem berjalyngið sem blasir við eru þeir leitarkostir sem notandanum standa til boða. Líkanið er fyrst og fremst lýsing á athöfnum sem stjórnast af hugsunum, ekki er gerður greinarmunur á því hvort val leitandans stafaði af hugviti eða tilfinningum.

## 5 Framkvæmd rannsókna

Í þessum kafla er rakin undirbúningur, framkvæmd og markmið rannsókna. Fyrsti hluti kaflans er um tilgang rannsókna og rannsóknarspurninga. Annar hluti lýtur að framkvæmd rannsókna. Í honum er fjallað um þá aðferðafræði og rannsóknarnálgun sem var notast við og hvernig úrvinnsla gagna var háttað. Í lok kaflans er ýmsum spurningum sem varða úrtak svarað, hvernig það var valið og hvaða sjónarmið lágu þar að baki. Að lokum er fjallað um takmarkanir á rannsókninni, siðferðileg álitamál og mikilvægi.

Fyrst og fremst er þessari rannsókn ætlað að sýna hvernig upplýsingaleit er háttað hjá þeim sem hafa áhuga á ættfræði og fjölskyldusögu, val og viðhorf þeirra til heimilda og hindranir sem er að finna í upplýsingaleit þessa áhugahóps og því hvaða upplýsingar eru eftirsóknarverðar.

Þær rannsóknarspurningar sem lagðar eru fram í þessu verkefni eru:

1. Af hverju stundar fólk ættfræði og fjölskyldusögu?
2. Hvers konar form á upplýsingum er sóst eftir og hvaða aðferðum er beitt til að afla þeirra?
3. Hvernig nær fólk að tengjast þeim sem rannsakaðir eru?

Þessi rannsókn, er sú fyrsta sem framkvæmd er á íslensku áhugafólki um ættfræði og fjölskyldusögu gagnert til að skoða upplýsingahegðun þeirra. Upplýsingahegðun áhugafólks um ættfræði og fjölskyldurannsóknir hefur verið rannsökuð frá 2003 af vísindamönnum úr ýmsum greinum. Auk upplýsingafræðinga, má nefna vísindamenn úr félagsfræði, mannfræði og sálarfræði.

Í þessari rannsókn eru notaðar eigindlegar rannsóknaraðferðir. Rannsóknin er byggð upp á hálf-opnum viðtölum við einstaklinga sem eru áhugamenn um ættfræði og fjölskyldusögu. Hálfopin viðtöl eru framkvæmd á þann hátt að viðtölin eru frjáls en rannsakandi hefur spurningalista til hliðsjónar með spurningum sem hann vill að allir þátttakendur svari og hjálpa honum til að halda ákveðnum efnisramma í viðtölunum. Samkvæmt Kvale, (1996) skiptir máli að viðmælandur noti eigin orð og hugtök við lýsingarnar og ræði um það sem þeim finnst sjálfum skipta mestu máli (Kvale).



Rannsóknarspurningar eru settar fram til að kanna rannsóknarefnið í samhengi og til að fá sem flestar hliðar á því. Rannsakandinn kann að þróa með sér ákveðið sjónarhorn samhliða gagnasöfnun en hann leggur ekki upp með ákveðna tilgátu sem hann prófar. Honum er umhugað um að skilja fólk og fyrirbæri, sem hann skoðar, á þeirra eigin forsendum. Þess vegna einkennast eigindlegar rannsóknaraðferðir af aðleiðslu en ekki afleiðslu þar sem rannsakandinn öðlast æ meiri skilning eftir því sem líður á rannsóknina og hann setur sjónarhorn sitt í betra samhengi (Taylor og Bodgan, 2015)

Rannsóknarsniðið er eigindlegt (*e. qualitative research*) en markmið eigindlegra rannsókna er að kynnast heimi þeirra sem rannsóknin beinist að, upplifun eða reynslu þeirra og skilningi á aðstæðum. Aðferðin miðar að því að skapa nýja þekkingu, öðlast innsýn og sjá hlutina í nýju ljósi (Chamaz, 2014)

## 5.1 Rannsóknarnálgun

Sú rannsóknarnálgun sem beitt var í rannsókninni var grunduð kenning (*e. grounded theory*). Aðferðir grundaðrar kenninga samanstanda af kerfisbundnum en samt sveigjanlegum viðmiðum um söfnun og greiningu eigindlegra gagna til að smíða kenningar út frá gögnum sjálfum. Þannig smíða rannsakendur kenningar sem grundaðar er á gögnum þeirra. (Chamaz, 2014). Grunduð kenning er sérstaklega gagnleg þegar lítið er vitað um það sem á að rannsaka eða þegar ekki er hægt að útskýra eitthvert fyrirbæri með fræðilegu sjónarhorni. Tilgangurinn er að skoða hið einstaka í hverju tilfelli frekar en að heimfæra það yfir á þýði. Með því að notast við grundaða kenningu kemur framsetning á kenningu eða hugtakaheild sem bæði lýsir og skýrir fyrirbæri rannsóknarinnar.

### 5.1.1 Úrvinnsla gagna

Kóðun er mikilvægur hluti grundaðrar kenningar. Charmaz (2014) segir að kóðun sé tengi á milli gagnasöfnunar og þess að geta sett fram kenningu byggða á gögnumum.

Tvenns konar kóðun er beitt á gögnin. Charmaz (2014) segir að í upphafskóðun (*e. initial coding*), sjái rannsakandinn hugtök í gögnumum sem honum finnst áhugaverð í og spyrji sig spurninga eins og: „Um hvað snýst þessi rannsókn? Hvað gefa gögnin til kynna? Frá hvaða sjónarhorni? Í hvaða flokki eiga þessi sérstöku gögn heima?." Í upphafskóðun eru gagnabútar skoðaðir, orð, línur, orðhluta og atvik til að ákveða hvernig þau skuli greind. Stundum kemur það fyrir að við tileinkum okkur orðfæri viðmælenda (*e. In vivo codes*). Markviss kóðun (*e.*

focus coding), sem er seinna skeið kóðunarferlisins, byggir á þeirri greiningu gagnanna sem unnin var í upphafskóðuninni. Rannsakandinn er farinn að gera sér betri grein fyrir aðalatriði gagnanna og er fær um að tengja þau við efnisflokk.

Tilgangur upphafskóðunar (*e. initial coding*) er að fá rannsakandann til að leita í textanum og spyrja sig greinandi spurninga. Þessar spurningar auka ekki aðeins skilning rannsakandans á viðfangsefninu heldur hjálpa honum við að velja úr þau gögn sem tengjast því efni sem er til greiningar. Með því að skoða gögnin og bera þau saman, lærum við hvað þátttakendur í rannsókninni líta á sem vandamál og reynum að greina það.

Grunduð kenning byggir á þeim gögnum sem verða til. Þannig var ítrekað farið yfir orðréttu textann úr viðtölunum og mismunandi efnisatriði kóðuð. Gögnin úr hverju viðtali voru borin saman við gögn úr öðrum viðtölum, til að finna bæði samstæður og ósamstæður og jafnframt að leita að nýjum álitaeftum sem freistandi væri að skoða, þó þau hafi ef til vill ekki verið þau atriði, sem til stóð að rannsaka, heldur önnur ófyrirséð atriði sem rannsakandi sá ekki fyrir.

Táknræn samskipti (*e. symbolic interactionism*) er fræðilegt sjónarhorn sem samkvæmt höfundum þess, Herbert Blumer, hvílir á þrennu: (Charmaz, 2014, 270-271):

1. viðbrögð fólks við fyrirbærum (hlutum og hegðun) stjórnast af þeirri merkingu sem fyrirbærin hafa í huga þeirra.
2. Merking fyrirbæra er dregin af þeim félagslegu samskiptum (*e. social interaction*) sem fólk hefur við hvort annað.
3. Þessi merking mótast og þróast í gegnum túlkunarferli (*e. interpretive process*) sem við beitum í samskiptum.

### 5.1.2 Úrtak og aðgengi

Úrtakið í þessari rannsókn, er svokallað markvisst úrtak. Við samsetningu úrtakshópsins, var ákveðið að ræða við einstaklinga sem tilheyrðu tvenns konar hópum og væru virkir í upplýsingaleit tengdri ættfræði. Annars vegar félögum í Ættfræðifélaginu og hins vegar félaga sem póstuðu reglulega innleggjum í facebook hópnum Íslensk ættfræði - Icelandic genealogy". Kynningarbréf um rannsóknina, var sent til Ættfræðifélagsins, sem birti bréfið á vefsíðu félagsins og kom þannig þeim skilaboðum áleiðis til félagsmanna sinna, að óskað væri eftir þátttakendum í þessa rannsókn. Fimm meðlimir höfðu samband og á endanum voru tekin

viðtöl þrjá þeirra. Hinir tveir, komust ekki til viðtals, fyrr en síðar og ákveðið var að halda sig við þrjá félaga frá Ættfræðifélaginu.

Haft var samband við fimm félaga í facebook hópnum, með því að senda þeim skilaboð á samskiptaforriti. Um var að ræða sjálfvalið úrtak, sem valið var eftir virkni þeirra í samfélagshópnum. Ekki barst neitt svar við skilaboðum, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Þá var farin sú leið að spyrja ættingja og vini að því hvort þeir þekktu til einhverja einstaklinga sem hefðu mikinn áhuga á ættfræði og fjölskyldusögu, svokallað hagkvæmnisúrtak. Fjórir einstaklingar bættust við með þeirri aðferð.

### **5.1.3 Þættir sem lágu að baki vali á úrtaki**

Rétt er að gera grein fyrir þeim atriðum sem lágu að baki vali á úrtaki. Ástæðan fyrir vali á þessu hópnum, var sú að rannsakandi taldi að upplýsingaleit þessara hópa gæti ef til vill gæti verið munur á upplýsingahegðun þeirra sem stunda áhugamálið innan ættfræðifélagsins og þeirra sem eru utan þess.

Án þess að þekkja nokkurt til starfsemi Ættfræðifélagsins, þá grunaði mig að þeir sem ynnu að áhugamáli sínu innan þessa rótgróna félags, væru upp til hópa eldri og reyndari einstaklingum. Líklegt væri að vinnubrögð þessa hóps væru nokkuð fastmótuð og að það hefði komið sér upp ákveðnum grunni af upplýsingum og ákveðnum verklagsreglum í upplýsingaleit sinni

Hinir, þeir sem virkir voru í ættfræðihópnum á facebook, eða sinntu áhugamáli sínu utan félags, eða á samskiptamiðlum, væru líklegri til að vera yngri og hafa stundað ættfræði í skemmri tíma og færu ef til vill nýstárlegri leiðir. Sífelld meira magn er nú í boði fyrir þennan áhugahóp. Þá færast það í vöxt erlendis, að ættfræðiáhugamenn noti svokallaða genaraðgreiningu (DNA) til að styrkja rannsóknir sínar og finna fjarskyldari ættingja.

## **5.2 Stærð úrtaks**

Ein af þeim spurningum sem rannsakendur þurfa að fá svör við er að áætla fjölda þátttenda. Með öðrum orðum: Hversu marga einstaklinga þarf að ræða við til að hægt sé að byggja á henni trausta kenningu?. Það er víst ekkert óumdeit svar til við þeirri spurningu en stundum er talað um að úrtak í eiginlegum rannsóknum, sé nægjanlega stórt þegar það mettast (e. saturated). Mettað úrtak í rannsókn nefnist það, þegar ný þekking kemur ekki fram þegar rætt er við einstakling. Kvale, 1996, segir einfalt að ákvarða fjölda þátttakenda; Taka eigi jafn mörg

viðtöl og þörf er á, þar til rannsakandi hefur fengið þær upplýsingar sem hann sækist eftir. Braun og Clarke (2006) vitna í Patton sem segir að stærð á úrtaki ráðist af nokkrum þáttum. Tilgangi rannsóknar, rannsóknarspurningum, mikilvægi, stærð úrtaks og að svo þyrfti rannsóknin að lúta að takmörkunum á tíma og aðstæðum. Charmaz (2104) tekur í sama streng en hún segir að fjöldi viðmælanda taki mið af greiningarþörfum rannsakandans og markmiðum rannsóknarinnar.

Í megindegum rannsóknum er lagt mikið upp úr því að úrtakshópurinn sé stórt hlutfall af þýðinu, til að rannsóknir verði tölfræðilega marktækar. Sömu áherslur eru ekki fyrir hendi í eiginlegum rannsóknum þar sem markmiðið er að öðlast dýpri skilning á hverjum og einum þátttakanda en ekki að alhæfa um hegðun úrtakshópsins.

Erfitt er að segja með einhverri vissu hve marga Íslendinga er hægt að flokka sem áhugamenn um ættfræði og hvaða viðmið sé best að nota við slíka flokkun. Fjöldi félaga í Ættfræðifélaginu eru um 400 í ársbyrjun 2018 (Ættfræðifélagið, 2020), í hópnum Íslensk ættfræði - Icelandic genealogy eru um 2800 meðlimir. Skráðir notendur á vefnum islendingabok.is eru nálægt 100 þúsund talsins.

### **5.3 Aldur og kyn og reynsla þátttakenda**

Yngsti þátttakandinn í rannsókninni var 48 ára gamall, þegar gagnasöfnun fór fram. Sá elsti var 76 ára. Meðalaldur þátttakenda var 60 ár. Þrjár konur tóku þátt í rannsókninni og fjórir karlar. Erfitt er að leggja einhverja mælistiku fram sem metur reynslu þátttakenda en ef til vill segir það einhverja sögu að fimm þátttakendur af sjö höfðu komið að útgáfu ættarita, annað hvort á prent- eða vefformi þegar viðtöl þeirra fóru fram. Þrjár voru félagar í Ættfræðifélaginu og tveir til viðbótar höfðu verið í félaginu en voru það ekki þegar viðtölin fóru fram. Einn þátttakandi starfar sem sjálfbóðaliði fyrir Icelandic Roots en það eru samtök sem meðal annars vinna við að leita upplýsinga um afkomendur Vestur-Íslendinga.

Samtölin fóru fram á stöðum sem viðmælendur völdu, þrjú á heimili þeirra, tvö á kaffihúsum og tveir þátttakendur kusu að taka viðtalið á heimili rannsakandans. Viðmælendur voru fræddir um hvað verið væri að rannsaka og þeim jafnframt gerð grein fyrir því að nöfn þeirra kæmu hvergi fram, unnið væri með ópersónugreinanleg gögn og að þeir gætu hætt þátttöku hvenær sem er, ef þeir vildu. Þá var Persónuvernd tilkynnt um þátttökuna á útfylltu eyðublaði sem sent var stofnuninni rafrænt.

Gagnasöfnun fór fram helgina 27. mars- 2. apríl 2019. Viðtölin voru hljóðrituð og skrifuð upp orðrétt og svo unnið úr gögnum. Haft var samband við þátttakendur símleiðis þar sem óskað var eftir þátttöku þeirra. Síðan var þeim sent kynningarbréf í tölvupósti þar sem efni viðtalsins var kynnt svo þátttakendur gætu undirbúið sig fyrir það. Ekki var talin þörf á að sækja um leyfi Vísindasiðanefndar fyrir rannsókninni þar sem þátttakendur voru ekki fundnir í gegnum sjúkraskrár eða í gegnum heilbrigðisstofnanir. Tilkynning um rannsóknina var send til Persónuverndar.

#### **5.4 Takmarkanir rannsóknarinnar og siðferðileg álitamál**

Úrtak þessarar rannsóknar er of lítið til að hægt sé að leggja fram almennar staðhæfingar um þennan hóp. Úrtakið var nokkuð blandað. Áhugamálið var greinilega stór þáttur í lífi sumra þátttakenda og féll vel að skilgreiningu (Stebbins, 1994) um einstaklinga sem stunduðu áhugamál sitt kerfisbundið og samtvinnaði sérstaka færni, þekkingu og reynslu. Sumir þátttakenda kunna að falla utan þessarar skilgreiningar. Ekki er um það deilt að þeir eru áhugamenn um ættfræði og fjölskyldusögu en í sumum tilvikum eru ættfræði- og fjölskyldurannsóknir aðeins eitt af fjölmörgum áhugamálum og tími sá sem þeir verja við þessar sérstöku rannsóknir því skemmri, því hlýtur að vakna upp efi um að hægt sé að líta svo á að allir þátttakendur tilheyri einum og sama hópnum.

Að viðhalda hlutleysi í rannsóknum skiptir miklu máli, þannig segir Mansourian (2006) að mikilvægasti þátturinn í notkun grundaðrar kenningar, sem rannsóknarnálgunar sé að gögnin séu greind hlutlaust af rannsakanda, án nokkurrar skekkju um það hvert gögnin leiði eða einhverra fyrirfram mótaðra skoðana rannsakanda við greiningu gagnanna. (Mansourian). Þó rannsakandi hafi, af fremsta megni, reynt að vera opin fyrir öllum skoðunum þátttakenda og viðhalda hlutleysi í hvívetna við greiningu gagnanna, er alls ekki víst að honum hafi tekist það.

Höfundur fékk ættfræðibakteríuna árið 2009. Af og til koma tímabil sem þar sem hann leggst í rannsóknir á ættfólki sínu. Hann hefur aldrei verið félagi í Ættfræðifélaginu og er óvirkur félagi í einum ættfræðihóp á facebook.

## 6 Niðurstöður

Í þessum kafla verða kynnt niðurstöður rannsóknarinnar á upplýsingahegðun. Kaflinn skiptist niður í flokka eftir rannsóknarþemum. Þrjú lykilþemu voru dregin úr gögnunum: 1) Ættfræði með mínum forsendum; 2) Form upplýsinga og lykilheimildir; 3) Að vekja látna til lífsins.

### 6.1 Af hverju stundar fólk ættfræði og fjölskyldusögu?

Stór hluti þátttakanda tengdi áhuga sinn á ættfræði og fjölskyldusögu við uppvaxtarár sín. Einn þeirra lýsti þessu þannig: „Þú elst upp í nánd við fólk sem kannski segir sögur og er alltaf að tala um þetta. Minn ættfræðiáhugi hófst þegar ég heyrði að langamma hefði átt 17 börn. Og hvað varð um þau? Og ég fór að spyrja og spyrja.“ (Viðmælandi 6) Annar tók í sama streng og sagði: „Afi og langafi voru landpóstar og hún (mamma) sagði okkur sögur af þeim og af fjölskylda hennar er flust hafði til Bandaríkjanna. Þessar sögur voru oft sagðar með ævintýraljóma og blandaðar sögum af indíánum.“ (Viðmælandi 1). Sumir gáfu sterkt samband við ættingja, oftast afa eða ömmu, sem áhugavekjandi þátt. Í þeim tilvikum þar sem þátttakendur tengdu ættfræðiáhuga við uppvaxtarárin, virtust fjölskyldur oft vera fjölmennar og góð tengsl á milli ættingja. Þátttakendur mundu ekki eftir sér öðru vísi en að hafa verið áhugasöm um ættingja sína, að minnsta kosti suma þeirra. Algengt er að einstaklingar hefji rannsóknir á fjölskyldusögu, eftir að það kemst á miðjan aldur og það vekur upp spurningar, af hverju fólk hefur þær svo seint ef áhuginn vaknar svo snemma. Ekki er ósennilegt að í fjölskyldum þar sem samgangur er mikill og ættingjar margir að tilfinningar eins og söknuður og eftirsjá, eigi sinn þátt í að einstaklingar fari að rannsaka fjölskyldusöguna, rifja upp gamlar minningar af ættmennum og horfa til baka á liðna tíð. Dæmi var hins vegar um að einn þátttakandi sem kynnst hafði stórum hluta ættingja úr móðurætt hóf rannsóknir á föðurætt sinni en það var sá hluti ættarinnar sem hann vissi lítið um og hafði ekki kynnst.

Mér virðist að flestir byrji á því að skoða eigin ætt. Það leiðir til þess að menn fá áhugann og fara að skoða ættir vana og kunningja eða leggjast í einhverjar þekktar ættir. Það fer allt eftir því hvað mönnum dettur í hug að gera. Ég held að það sé svolítið þannig, að ef að menn á annað borð fá þessu bakteríu, sem getur verið ansi smitandi þegar menn eru farnir af stað. Þá er það bara ímyndunaraflið sem setur mönnum skorður því það er svo margt sem hægt er að stúdera. (Viðmælandi 7)

Margir foreldrar í hópi þátttakenda lýstu því hvernig þau reyndu markvisst að vekja áhuga barna sinna á ættinni, til að mynda með því að segja þeim einhverjar sögulegar upplýsingar sem tengdust ættingjum þeirra, eða benda þeim á byggingar eða staði þar sem ættingjar þeirra

höfðu búið fyrir margt löngu. Hugsanlegt er að slík fræ lifi í jörðinni í langan tíma áður en þau blómstra.

Nokkrir þátttakendur tengdu upplýsingapörf ekki við bernskuárin, heldur væri um að ræða upplýsingapörf sem kviknað hefði síðar á ævinni. Ástæðuna röktu þau til skapgerðar og áhuga þeirra á sögulegum upplýsingum. Það sem gerir áhugann á upplýsingum um eigin ætt merkilega, lýtur að skyldleikanum og þeirri staðreynd að ýmis atvik og tilviljanir úr fortíðinni höfðu áhrif á afkomendur, þar með talið þau sjálf. Til að mynda sagði einn þátttakandi ástæðuna fyrir því að hún byggi á Íslandi vera eina slíka tilviljun en afi hennar og amma voru danskir vesturfara á leið til Kanada.: „Skipið stoppaði á Seyðisfirði en amma mín veiktist, þannig að þau fóru í land í Seyðisfirði. Og þeim leist bara svo vel á þetta að þau urðu þar eftir.... Og þess vegna erum við hér á Íslandi.“ (Viðmælandi 5)

Hjá þátttakendum mátti jafnframt greina að áhugamálið togaði í það á ólíkan þátt. Einn þátttakandi lýsti sér sem hálfgerðum einfara: „Einhvern veginn hefur svona grúsk fylgt mér“ (Viðmælandi 4), á meðan annar þátttakandi var mjög virkur á samskiptamiðlinum facebook. Einn þátttakandi sem aðallega stundaði ættrakningar sagðist líta á áhugamálið sem afþreyingu, eins konar þrautalausnir, eins og krossgátur og Sudoku. Áberandi var að þátttakendur vörðu mjög mislögum tíma til rannsóknarstarfa.

Svo virðist sem ættfræði og fjölskyldusaga eigi sér margar hliðar. Fyrst og fremst snýst hún um upplýsingar af fólki, flokkun á skyldleika og upplýsingar um líf þess. „Það er gaman að spá í þetta. Hvaðan fólk kemur og af hverju? Hvað gerist í lífi fólks? ... Mér finnst hún (ættfræðin) kannski mikilvæg, vegna þess að hún er einhver hluti af mér“ (Viðmælandi 5).

## **6.2 Form upplýsinga og upplýsingalindir**

Upplýsingaleitendur sækja í upplýsingar sem eru mismunandi að formi. Kaflanum var skipt í þrjá hluta: Fyrsti hlutinn fjallar um rafræna upplýsingaleit, þar sem að mestu er rætt um textaheimildir en undanskildar eru samskipti stunduð á rafrænan máta. Annar hlutinn fjallar um samskipti og taka til munnlegra jafnt sem rafrænna samskipta. Þriðja form upplýsinga eru sjónrænar heimildir, þær upplýsingar sem einstaklingar nema með því að virða fyrir sér umhverfi eða ljósmyndir.

### 6.2.1 Rafræn upplýsingaleit

Rafræn upplýsingaleit, einkum leit af ásetningi, var mjög áberandi hjá þátttakendum, jafnvel hjá elstu þátttakendum, sem virtust búa yfir góðri tölvulæsi. Hins vegar höfðu sumir yngri og óreyndari í hópnum litla reynslu af af skjalasöfnum og báru fyrir sig að mun fljótlegri væri að leita að upplýsingum rafrænt. Einn þeirra útskýrði mál sitt á eftirfarandi hátt: „Ég er ekki nógu mikill grúskari“ (Viðmælandi 2), þegar spurt var að því hvort hún leitaði sér upplýsinga á söfnum. Annar lýsti þessu nánar: „Þetta er meira og minna komið inn á netið allt saman. Núna getur maður farið inn á kirkjubækur á netinu og í manntölin til 1920.“ (Viðmælandi 4)

Þær rafrænu heimildir sem oftast voru nefndar voru Íslendingabók, Espólín, timarit.is, þar sem margir nálgðuðust gamlar minningagreinar úr Morgunblaðinu og Lesbók Tímans, sem og leit í Google og í skjalasafn.is.

Flestir byrjuðu á því að skoða Íslendingabók: „Fyrir þá sem hafa tiltölulega grunnan áhuga, þá dugir það þeim að fara á Íslendingabók. Þeir geta séð sínar ættir og rakið sig saman við fólk“ (Viðmælandi 7).

Enginn þátttakanda virtist átta sig á því, eftir hvaða reglum væri farið með birtingu upplýsinga. Íslensk erfðagreining er hugarfóstur Friðriks Skúlasonar og fjármagnaður af Íslenskri erfðagreiningu, sem sér hag í því að nýta gögnin í sína grunnstarfsemi. Báðir þessir aðilar eru einkaaðilar og því er ekki í gildi nein opinber stefna varðandi birtingu upplýsinga á vefnum. Þá er heldur ekki að finna neinar útskýringar á vefsíðu gagnagrunnsins á birtingarstefnu og því af hverju ákveðnar upplýsingar séu lokaðar fyrir aðra en niðja. Vegna þessa gætir nokkurrar gagnrýni á Íslendingabók meðal þátttakenda. Einn þeirra hafði þetta að segja: „Ég get ekki rakið þá sem ekki eru tengdir mér. Ég get fundið þá en ekki rakið þá neitt. Ég get bara rakið mína ættingja. Ef það væri ekki persónuverndarlög eða eitthvað slíkt sem kæmi í veg fyrir það, þá myndist mér Íslendingabók flottur vettvangur.“ (Viðmælandi 5). Sumir þátttakendur sögðust vera með lykilorð frá öðrum, til að fá nýjan upplýsingavinkil, þegar þeir röktu ættir sínar saman við aðra. Algengt var að kvartað væri yfir því hve stór hluti nafna væri falinn, fyrir aðra en afkomendur. Af þeim sökum töldu sumir þátttakendur að hann þjónaði þeim ekki nægjanlega vel. Þannig lýsir einn af þátttakendum þessu: „Íslendingabók er ekki opin nema til um 1700 en svo getum við skoðað manntöl frá 1920. Það er næstum þrjú hundruð ára gat þarna. Af hverju Íslendingabók er ekki opnari? Þetta er svolítið asnalegt.“ (Viðmælandi



4). Það er því ljóst að þrátt fyrir að þátttakendur noti Íslendingabók þá er hún ekki upplýsingalind sem gagnast þeim nema að takmörkuðu leyti.

### 6.2.2 Getum sagt að það sé búið að gera ættfræðina

Upplýsingaleitandinn þarf ekki að leita uppi upplýsingar úr manntölum, né kirkjubókum, hann getur á augabragði rakið skyldleika við aðra landsmenn og ættartré upplýsingaleitandans er varpað upp á skjáinn. Myndræn framsetning upplýsinga hefur mikið að segja. Þó segja megi að mikið af þeim upplýsingum sem er að finna í grunninum hafi verið hægt að finna í prentuðum ættartölubókum þá er það ekki fyrir alla að setja sig inn í þær ættrakningar.

Fyrir hinn hópinn, þá sem fyrst og fremst hafa áhuga á ættfræði og stunda ættrakningar kann það að hafa verið nokkuð ljúfsár tilfinning að sjá Íslendingabók verða að veruleika. Hann táknar ákveðin endalok ættrakninga. „Við getum sagt að það sé búið að gera ættfræðina. Þú ert með beinagrindina sem Íslendingabók er en svo á eftir að setja kjöt utan á beinin“ (Viðmælandi 4).

Íslendingabók hefur haft mikil áhrif á upplýsingaleit þessa áhugahóps. Mun léttara og fljótlegra er að ná í upplýsingar nú en áður. Upplýsingaleitin leggur minni kröfur á herðar þeirra sem hana stunda og sumir óttast að það muni verða til að draga úr ítarlegri rannsóknum.

Í einhverjum tilvikum missa menn af því að fá þennan áhuga, bakterían liggur í því að hafa svolítið fyrir hlutunum. Ef þú færð þetta allt upp í hendurnar, þá er þetta svo auðvelt. Þá er þetta eins og hver önnur google-leit. Ef þú þarft að ganga aðeins lengra og þarft að hafa aðeins fyrir hlutunum, þá ferðu að fá „blod þa tannen“. Þannig að ég held að Íslendingabók geti kæft þennan áhuga á frumstigi. En Íslendingabók hefur bæði gert ættfræðinni gott og illt en miklu meira gott. (Viðmælandi 7)

Að sama skapi má segja að Íslendingabók hafi líka opnað dyr. Grunnurinn hefur gert það að verkum að þegar svo ber undir getur fólk með lítilli fyrirhöfn sannreynt skyldleika, ásamt því að verða sér úti um upplýsingar um búsetu forfeðra, eins og einn þátttakenda lýsir því:

(Þegar) fólk hittist á bar þá fer það inn á Íslendingabók. Heyrðu! Við erum fimmmenningar! Við erum fjórmenningar! En það veit kannski ekki rassgat um sína ætt... og koma upp í ættfræðifélag á opnu húsi. Það var yndislegt. Maður sat við fótskör meistaranna. Þaðan fékk ég fréttir úr héruðum sem ég þekkti ekki til en var ættuð frá. Og þá voru bara ættrakningar. Ég fékk að vita á hvaða bæjum ég átti skyldfólk og svo fékk ég sögur og sagnir. En þegar Íslendingabók kom, þá lá þetta allt ljóst fyrir. Og þá datt svolítið botninn úr því. (Viðmælandi 6)

Þátttakendur voru sammála um að Íslendingabók væri vandaðar grunnur. „Þetta eru allt þekktar og viðurkenndar heimildir og það fer ekkert þarna inn án þess að það séu viðurkenndar heimildir“ (Viðmælandi 7) , þó hann væri ekki villulaus, frekar en aðrar heimildir, eins og kom fram hjá einum þátttakanda:

„Ég hef tvisvar haft samband við Íslendingabók til að leiðrétta upplýsingar sem þar voru skráðar. Það vantaði börn sem létust. Þær heimildir hafði ég fengið frá þabba mínum, ég vissi hver hans systkini voru. Ég veit ekki af hverju þetta var ekki rétt skráð en þetta var lagað fljótlega. Svo hef ég líka ... ég rakst á einn frænda minn sem var ekki skráður. Ég hef svo sem ekkert verið að krukka í því. Ég er bara búinn að spyrjast fyrir um hann. (Viðmælandi 5)

Það er vissulega mikilvægt að einstaklingar geti komið leiðréttingum á framfæri og að þeim sé komið til skila af starfsmönnum grunnsins. Helsta ógnin við þessa mikilvægu upplýsingalind, snýr að rekstrinum. Hann hefur verið fjármagnaður af einkafyrirtæki og það er ekki víst að það fyrirtæki sé tilbúið til að fjármagna rekstur hans um aldur og ævi.

Ættrakningarforritið Espólín, sem ef til vill er hægt að kalla forvera Íslendingabókar, var enn í notkun hjá þremur þátttakendum, þrátt fyrir að þróun forritsins hefði verið hætt fyrir mörgum árum og nafnagrunnur þess væri mun rýrari en hjá Íslendingabók. Ástæðan fyrir því að þátttakendur notuðu enn Espólín var sú að þeir höfðu varið sínum eigin tíma til að setja nöfn í grunninn og gátu auk þess skráð ný nöfn í grunninn, sem ekki er hægt á Íslendingabók.

Leitarvélin Google var notuð af öllum þátttakendum. Eins og í Íslendingabók eru leitir framkvæmdar af þar af ásetningi. Helsti munurinn á þessum tveimur gagnagrunnum er sá að leit í Íslendingabók er bundin við örfáar heimildir. Google tengist hins vegar nær óteljandi heimildum og býður þar að leiðandi upp á mun meiri óvissu í niðurstöðunum.

Ég byrja bara á einhverjum stikkorðum. Slæ upp nafni og bænum sem hann var frá. Ég mundi byrja að „googla“, það mundi koma mér á einhverja slóðir. Svo er oft vísað í einhverjar heimildir sem eru skriflegar einhvers staðar. Þá getur maður farið þangað. Ég hef svo sem ekki mikið verið þar. Ég veit að það eru til svona kirkjubækur, ef ég absólút vildi skoða það, þá mundi ég gera það en ég hef eiginlega ekki verið þarna. En mér finnst yfirleitt auðvelt að finna upplýsingar um flest allt. Það eru spor alls staðar.

### 6.2.3 Samskipti við aðra

Munnleg samskipti við fjölskyldu og ættingja í tengslum við áhugamálið komu sjaldan upp. Sennilega kemur það til af því þau eru mjög hversdagsleg, oft ber ýmis málefni fjölskyldunnar á góma þó tilefnið hafi verið annað en að afla sér upplýsinga. Viðtöl við eldri fjölskyldumeðlimi

er mikilvæg upplýsingalind fyrir þá sem leita upplýsinga um fjölskylduna en það er gamalkunnugt vandamál að upplýsingaþarfir þeirra sem leita að upplýsingum koma oft seint fram. Ákveðinnar eftirsjár gat gætt vegna þessa: „Ég vildi að ég hefði spurt, nú er enginn til að spyrja. Af því að fólk fær ekki áhuga fyrr en seint og um síðir og það ætlar alltaf að afla sér upplýsinga einhvern tímann síðar.“ (Viðmælandi 6)

Þau samskipti sem þátttakendur áttu vegna áhugamálsins voru oftast í gegnum samskiptaforrit og þá aðallega Facebook. Þeir sem voru virkir á samfélagsmiðlum notuðu miðilinn til að fylgjast með ættfræðiumræðu þó að þeir nýttu hana kannski ekki með beinum hætti fyrir sínar rannsóknir. En miðillinn hefur líka opnað fyrir ný tengsl þar sem í ljós komu ættimenni sem viðkomandi hafði ekki verið í samskiptum við áður: „Ég mundi segja að með facebook, þá hafi ég eignast fullt af frændum og frænkum. ... Það er orðið svo auðvelt aðgengi að fólki. (Viðmælandi 5)

Stundum gafst tækifæri til að víkka sjóndeildarhringinn til að ræða við fjarskylda frændur eða frænkur í fjarlægum löndum. Einn þátttakenda lýsti því þannig: „Ég á einn frænda í Danmörku sem er svo rosalega áhugasamur...Ég er mest bara 1800 og 1900. En þessi ungi frændi minn hann er allur í þessum gömlu kóngum frá fimmtán hundruð og eitthvað. (Viðmælandi 2). Annar þátttakandi sagði frá því hvernig hann notaði það sem kom fram á Fésbók til að stoppa upp í göt sem voru hjá honum á Espólín. Hann birti síðan það sem hann hafði fundið svo aðrir gætu nýtt sér.

Svo hefur verið að tínast inn á facebookinu.,... Ég tindi það allt upp og setti inn á Espólín. Setti það inn á netið og svo hafa menn verið að googla og fundið þetta og þá hef ég fundið aðeins meira. Facebookið er ágætt til síns brúks. (Viðmælandi 4)

Fésbókarhópurinn hefur því ekki eingöngu orðið til þess að fólk uppgötvar ættmenni sem það þekkti ekki fyrir. Ólíkt bæði Espólín forritinu og Íslendingabók er hér um lifandi vettvang að ræða þar sem tækifæri gefst til að fylgjast með, spyrja spurninga, og miðla frá sér, í þeim mæli sem hver og einn kýs.

#### **6.2.4 Sjónrænar upplýsingar**

Á síðari árum hafa ýmsar erlendar ferðaskrifstofur boðið upp á það sem kallað hefur forfeðraferðir (e. ancestrytours). Þessum ferðum hefur verið lýst sem einskonar „pílagrímsferðum“ þó þær eigi sér ekki trúarlegar rætur, heldur séu þær meira í ætt við tilfinningalega upplifun og áhuga fyrir að sjá sveit forfeðranna, það umhverfi sem þau bjuggu

í, oft í fjarlægðu landi. Tveir þátttakendur höfðu farið á Íslendingaslóðir í Kanada, á slóðir forfeðra sinna. Ferð á ættarstaði snýst heldur ekki eingöngu um að sjá staðhætti og leita að sögum, heldur getur það einnig gefið af sér samskipti sem geta leitt til ýmissa upplýsinga, eins og einn þátttakandi sem tók sér ferð norður í land til að heimsækja bæi sem ættfólk hennar hafði búið á.

Það hefur ekkert af mínu fólki verið þarna frá 1874. Ég sit með kaffibolla og það er farið með vísur eftir afa afa míns. ... það er ótrúlegur fróðleikur sem lifir á staðnum. (Viðmælandi 6)

Með þessari leið er því hægt að fá fram aðrar upplýsingar en í gegnum bæði Íslendingabók og Espólín og segja má að hér fáist „kjöt á beinin“, nokkuð sem skiptir þátttakendum máli.

Oft virðist upplýsingaleitin ekki endilega snúast um að afla upplýsinga eða ná tilfinningalegum tengingum við ættfólk stt, heldur virðist áhuga á sögulegum tíma vera í öndvegi. Til að mynda sögðust allir þátttakendur heimsækja kirkjugarða og virtist þá ekki alltaf skipta máli hvort ættingjar væru jarðaðir í garðinum.

Ég fer til dæmis í alla kirkjugarða, þegar ég ferðast um landið... Þarna sér maður oft heilu fjölskyldusöguna. Mörg lítil börn, sem hafa dáið úr barnaveiki, eða einhverju. Þá fer maður oft að hugsa um hvernig þetta hafi verið. (Viðmælandi 5)

Stundum er sagt að mynd segi meira en þúsund orð. Ljósmyndir geta verið gluggi inn í löngu liðna tíð. Þær frysta gömul augnablik í tíma og ýta undir ýmsar hugrenningar hjá þeim sem virðir þær fyrir sér. Einn þátttakandi hafði orð á því að hann og faðir hans væru með brún augu og ljósmynd af langafa hans ýtti undir grunsemdir að karlleggurinn væri ekki rétt skráður: „Ég var einhverntímamann á ferðalagi í Madrid og hann lítur út eins og þessir gömlu Spánverjar.“ (Viðmælandi 4). Annar þátttakandi sem reglulega sótti sögulegar ljósmyndasýningar sagði að hún væri til í að greiða háa upphæð fyrir ferðalag, 100 ár aftur í tímann. Þá mundi hún sitja og virða fyrir sér mannlífið.

Jafnframt geta gripir frá liðinni tíð verið mikilvægt sjónrænt innlegg eins og einn þátttakanda bendir á: „Ég hef líka gert mér það ljóst að það eru margar dyr af áhuga á ættfræðinni. Einn gluggi að henni eru ættargripir. En það þýðir ekki að vera með þá ofan í skúffu þar sem enginn sér þá.“ (Viðmælandi 6). Líkt og með upplýsingar sem birtast á prenti

skiptir það því máli að gera sjónrænar upplýsingar aðgengilegar til að þær nýtist við rannsóknir á ættfræði og fjölskyldusögu.

### 6.3 Að vekja þá látnu til lífsins

Samband þátttakenda við látna ástvini er rannsóknarefni einnar af rannsóknarspurningunum. Gögn rannsóknarinnar sýndu sumir þátttakenda létu í ljós tilfinningar til látinna ættingja sem uppi voru á öðrum tíma. Rannsakað er hvort þátttakendur tengi þessar tilfinningar við ákveðna upplýsingar eða ákveðnar aðferðir í upplýsingaleitinni.

#### 6.3.1 Að setja sig í spor forfeðranna

Hér er notuð aðferð, sem byggir á að nýta sér opinber gögn, eins og manntöl, kirkjubækur og sóknarmannatölu, og felst í því að fylgja einstaklingi yfir langt tímabil, jafnvel frá vöggum til grafar. Að sumu leyti hljómar það eins og að horfa á kvikmynd, þar sem áhorfandi fylgist með lífshlaupi einstaklings og nær að gleðjast yfir jákvæðum upplýsingum eins og hjónabandi og barneignum og gráta yfir sorglegum atburðum eins og barnsmissi eða dauða söguhetjunnar.

Og hann situr eftir með tvo litla drengi. Og mér fannst þetta svo ömurlagt, því þegar (sonur minn) var lítil, þá fór ég svo oft með hann í vagninum, út á Laugarnestanga og hlustaði á vindinn. Þá vissi ég ekki neitt. Þess vegna fannst mér, þarna var ég með allsnægtir en þarna var hann, búinn að missa eiginkonuna og litlu dótturina. Í tveimur næstu kirkjubókum á eftir, þá sé ég ekki drengina. Svo fer hann að vera með konu í Landakoti. Þá er hann bara húsmáður, búinn að vera bóndi þarna á tveimur stöðum og ... kominn með drengina. (Viðmælandi 6)

Upplýsingaleitandinn gerir upplifunina sterkari með því að tengja eigin reynslu, þekkingu og aðstæður, til að lesa á milli línanna og fylla upp í frásögnina.

Með því að rýna í fortíðina og skoða gömul samfélög, þá gefst tækifæri til að bera lífið á fyrri tímum, við það sem menn þekkja í dag. Slíkur samanburður birtist þátttakendum með einum eða öðrum hætti og þeir fengu skýrari mynd á aldargamla tíma í takt við þær upplýsingar sem þeir öfluðu sér, ekki ósvipað veiðimanni sem dregur inn fisk og fær að lokum að virða hann fyrir sér í návígi. Þátttakendur sáu fyrir sér gamla tíma, stundum í rómantísku ljósi þar sem virðing var borin fyrir hörðum lífsskilyrðum. Þátttakendur báru oft saman gamla tíma við nútímann og sumir bentu á að sú reynsla hefði kennt þeim margt.

Það þarf ekki að leita lengra en til pabba míns, sem fæddist og var alinn upp í torfbæ. Mér finnst það ekkert annað en, merkilegt. Við sem búum hérna við allsnægtir og vitum ekki

hvað fátækt er. Við erum komin svo rosalega langt frá upprunum, sem er þó samt svo stutt frá manni. (Viðmælandi 5)

Fjarlægð í tíma virtist ekki vera nein fyrirstaða. Þátttakendur voru á heimavelli þegar kom að sögulegum upplýsingum og fengu stundum glósur um það, frá ástvinum sem gáfu í skyn að þau væru á röngu tilverustigi. Einn þátttakanda nefndi dæmi af slíku: „Þú veist allt um síðustu öld en ekkert um þessa“. (Viðmælandi 1). Annar þeirra bætti við: „Dóttir mín segir að ég sé öll í fortíðinni en ég mótmæli því. En það eru svo mörg örlög og mér finnst svo lærdómsríkt að sjá hvernig lífi fólk hefur lifað og mér finnst ömurlegt þegar maður heyrir fólk vera að kvarta og kveina yfir einhverjum aðstæðum í dag“ (Viðmælandi 6).

### 6.3.2 Fjölskyldusögur teikna upp myndir

Fjölskyldusögur hjálpa til við að draga upp mynd af ættingjum. Í sumum tilfellum hafa sögur gengið milli kynslóða og slípast til og í sumum tilfellum finnur skrásetjarinn sig tilknúinn til að bæta við upplýsingum, til að gera söguna heillegri. Sennilega er flestum það ljóst. Einn þátttakandi spurði: „Hvenær á góð saga að líða fyrir sannleikann“ (Viðmælandi 7) viss um að frásagnir þurfa ekki að vera sannar í öllum meginatriðum. Hins vegar er erfitt að sannreyna flestar sögur en þær þjóna því hlutverki að hjálpa afkomendum að búa til myndir af forfeðrum og formæðrum sínum.

Einn viðmælandi hafði orð á því að forfaðir sinn hafi verið orðheppinn og benti á sögu þegar hann fór til skósmiðs að kaupa stígvél.: „Kaupmaðurinn spyr hann hvaða stærð notar þú Jón minn. og hann svarar. Ja, ég tók nú fæturna með mér til öryggis.“ (Viðmælandi 1) Annar þátttakandi sagði sögu um formóður sína. Hún var farsæl ljósmóðir:

Hún rakti það til þess, að einhvern tímann þegar hún var yngri ... kemur maður til hennar í draumi, biður hana um að koma með sér, því kona hans sé í barnsnauð. Hún fer með honum og hún hjálpar konunni og hann segir. Ég get ekkert gefið þér en þér mun alltaf ganga vel í því sem þú gerir í þessu sambandi. Svo fer hann með hana heim og hún fer svo að hugsa um það um morguninn, hvort hún hafi virkilega farið eða hvort að þetta hafi verið draumur. En hún fann einhverja blóðdropa á tólunum sem hún var með í töskunni, þannig að hún taldi að hún hefði farið. (Viðmælandi 4)

### 6.3.3 Að þykja vænt um þau látnu

Sumir þátttakendur tengdust viðfangsefnum sínum tilfinningaböndum. Hvernig stendur á því að sumir þátttakendur geta tengst látnu fólki svo sterkum böndum? Skýringin hlýtur að liggja í því að þátttakendur hafi kynnst ættfólki sínu með því að kynna sér upplýsingar um þá. Fylgst

með þeim alla þeirra ævi með því að fara markvisst í gegn um færslur í sóknarmannatölum og kirkjubókum, lesa sögur um þá og kynna sér söguvið þeirra, til að mynda með því að heimsækja staði þar sem þeir bjuggu á. Þá talaði einn þátttakandi um það hvernig hún „mátaði“ núlifandi ættingja við forfeður sína.: „Svo er gen, það er skapgerðin, útlit, sjúkdómar, gáfur. Allt heila klabbíð.... Maður sér svo vel hve allt fer í ættir. Gott og slæmt.“ (Viðmælandi 6) Annar viðmælandi lýsti reynslu sinni þannig: „Ég lifi mig algjörlega inn í þetta og finnst ég tengjast þessu fólki mjög sterkt. Mér finnst þetta nánast eins og ég hafi kynnst því persónulega, jafnvel þó þetta fólk sé löngu liðið (Viðmælandi 7)

Þátttakendur áttu sér uppáhaldsættingja, sem þeir tengdu við. Einn þátttakandi lýsti yfir væntumþykju gagnvart ættföður sínum sem var óforbetranlegur drykkjumaður en orti falleg ljóð. Annar þátttakandi, spurður hvort einhverjir forfeðrar hans hefðu verið dæmdir til refsivistar svaraði því til að hann leiddi það hjá sér: „Ég vil ekki vita þessa hluti, þeir koma mér ekki við.“ (Viðmælandi 1)

Það samband sem myndast á milli þátttakanda og löngu látinna ættingja verður aldrei skýrt fullkomlega. Þátttakendur höfðu þörf fyrir tilfinningalega tengingu. Sennilega hefur umfang rannsókna mikið að segja, skyldleikinn og eðli þeirra upplýsinga sem safnað er. Því meiri tíma sem menn verja í rannsóknir á einstaklingi, því líklegra er að tengslin verði sterkari. Eða svo notuð séu orð eins þátttakanda. (Viðmælandi 7): „Ef þú þarft að ganga aðeins lengra og þarft að hafa aðeins fyrir hlutunum, þá ferðu að fá „blod þa tannen“.

## 7 Umræður og samantekt

Í þessari eigindlegu rannsókn hefur verið leitast við að svara þremur rannsóknarspurningum:

1. Af hverju stundar fólk ættfræði og fjölskyldusögu. 2. Hvers konar form er á þeim upplýsingum sem sóst er eftir og hvaða aðferðum er beitt til að afla þeirra. 3. Hvað framkallar tilfinningar hjá rannsakendum til þeirra sem þeir rannsaka? Eftir viðtöl við sjö einstaklinga sem stunda rannsóknir á ættfræði og fjölskyldusögu, voru gögnin greind og niðurstöðum lýst. Í þessum kafla rannsóknarinnar er leitast við að tengja rannsóknir úr upplýsingafræði og fleiri greinum við niðurstöðurnar og svara þeim spurningum sem til rannsóknar voru.

### 7.1 Af hverju stundar fólk ættfræði og rannsakar fjölskyldusögu?

Þessari spurningu er hægt að svara með ýmsu móti. Í fyrsta lagi er reynt að komast að því hvers konar upplýsingar það séu og reynt að grennslast fyrir um orsakir áhugans. Í öðru lagi að rannsaka hvenær og hvernig, þessi þörf fyrir upplýsingar um ættfræði og fjölskyldusögu er tilkomin og í þriðja lagi hvort það séu einhver atvik, eða breytingar á aðstæðum þeirra, sem valda því að þeir hefji rannsóknir.

#### 7.1.1 Hvaða upplýsingar vekja áhuga?

Áhugi á upplýsingum er gjarnan nefnd upplýsingaþörf innan upplýsingafræðanna. (Wilson, 1997, 2000) Tilgáta Belkin (1980) á þessu fyrirbæri er sú að einstaklingur geri sér grein fyrir að þekking hans á ákveðnum sviði sé ábótavant og því finni hann fyrir þessari þörf. Hugrænar ástæður skýra þó ekki upplýsingaþarfir í öllum tilfellum, því oft geta undirliggjandi tilfinningar orsakað upplýsingaþörfina. (Wilson, 1997)

Þátttakendur kusu að verja mestum tíma í að rannsaka eigin ættir, hvort sem það er með ættrakningum eða með því að leita frásögnum, eða öðru efni sem tengjast ættinni. Í gögnum þessarar rannsóknar kom meðal annars fram atvik og tilviljanir í lífi þeirra einstaklinga sem ofar standa á ættartrénu hafa oft mikil áhrif á líf okkar sjálfra og að slíkar upplýsingar voru mjög áhugaverðar fyrir þátttakendur. Þá erfast ýmsir eiginleikar, útlit, eiginleikar, sjúkdómar í einhverju mæli og með því má segja að ættfræðiupplýsingar séu sérsniðnar fyrir niðja. Sumir þátttakendur upplifðu sögulega tíma sem mjög nálæga. Lambert (2003) hefur bent á að slíkt sé algengt meðal þeirra sem stunda ættfræði. Skýringin felst að hluta í því að það þarf ekki að skoða margar kynslóðir til að fara 200 ár aftur í tímann. Saar (2002) telur að fólk, staðir og atburðir sem opinberast í ættfræðifrásögnum hjálpi rannsakandanum að skilja, tjá og tengjast



sjálfum sér. Það sé frásögn af því hvernig utanaðkomandi öfl móta einstakling og því saga um eigin veru. Ástundun á ættfræði og fjölskyldusögu, snýst einnig um að búa til frásögn úr hlutum og fyrirbærum, sem ekki áttu sér neina sögu áður.

### **7.1.2 Hvenær kviknar áhugi á ættfræði og fjölskyldusögu?**

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að stór hluti þátttakanda taldi áhuga sinn á ættfræði og fjölskyldusögur hafa kviknað á uppvaxtarárum sínum og að hann væri ávöxtur uppeldis og tengsla sem þeir mynduðu með ættingjum. Það vekur upp þá spurningu hvernig geti staðið á svo snemmbúinni upplýsingaþörf og þeirri staðreynd að flestir hefja rannsóknir á þessu sviði, löngu síðar? Hluti af skýringunni kann að stafa af þeim aðstæðum sem þátttakendur stóðu fyrir. Wilson (1997) hefur bent á ýmsar hindranir sem staðið geta í vegi fyrir upplýsingaleit. Annars vegar hindrunum sem lúta að upplýsingaleitandanum sjálfum. Slíkar hindranir geta verið hugrænar, eins og til að mynda lítil færni upplýsingaleitandans eða tilfinningalegar hindranir sem stafa af ótta við þær upplýsingar hann telur sig geta rekist á í leitinni. Hins vegar hindrunum sem tengjast ekki upplýsingaleitandanum sjálfum. Dæmi um slíkt eru til að mynda upplýsingar sem eru óaðgengilegar, til dæmis vegna fjarlægðar eða annarra þátta. Flestir þátttakendur í rannsókninni stigu sín fyrstu skref í ættfræðirannsóknum, seint á síðustu öld. Einn þátttakandi mundi eftir því að hafa farið á bókasafn sem unglingsdregur til að rita nöfn ættingja inn ættarhring.

Önnur ástæða sem kann að skýra það af hverju einstaklingar byrja svo seint á að stunda ættfræði og fjölskyldusögu, kann að vera sá að áhugi á sögulegum upplýsingum aukist með aldrinum. Þeir sem eldri eru muna lengur aftur í tímann og gera sér betur grein fyrir hlutverki sínu í fjölskyldusögunni. Þá taldi einn þátttakandi áhugahvötina aukast þegar fólk eignaðist sína eigin afkomendur.

### **7.1.3 Af hverju hefja menn rannsóknir?**

Þeir sem hófu ættfræðirannsóknir síðar á ævinni bentu einfaldlega á að slíkar rannsóknir hafi átt vel við á þeim tímapunkti og röktu ákvörðunina til áhuga á fólki eða sögulegum upplýsingum. Erlendar rannsóknar á þessum áhugahópi, benda til þess að þeir hefji rannsóknir út af einhverjum ákveðnum ættarmálum sem þau vilja komast til botns í. Í rannsókn megindegri rannsókn Shaw (2020) á áströlskum áhugafólki kom fram að 44% þátttakenda í könnun hennar hóf rannsóknir til að komast til botns í ákveðnu máli innan ættarinnar, eða til

að fræðast um ákveðinn einstakling eða einstaklinga. Fjórðungur þátttakanda setti Shaw í flokkinn „arfleið.“ Sá hópur samanstóð af þeim sem var umhugað um að halda þekkingu innan fjölskyldunnar. Til að mynda hugðist einn þátttakandi gefa móður sinni ættarkort í afmælisgjöf og önnur ákvað að ljúka ættfræðirannsóknnum látins föðurs. Niðustaða Bishop (2008) er að það sé forvitni og löngun til að skapa og koma á framfæri fjölskyldusögunni. Sá sem stundar áhugamálið finnur skyldu til núverandi og verðandi fjölskyldumeðlimum að halda áfram að safna upplýsingum.

Ættfræði og fjölskyldusaga er tómstundagaman sem menn stunda á eigin forsendum. Það má ekki gleymast að þetta er áhugamál, í mörgum tilfellum hafa menn brýnni þörfum að sinna. Það sem kemur fram í skrifum Savolainen (1995) um að allir einstaklingar leitist við að finna ákveðna forgangsröðun á því hvernig þeir nýta tíma sinn, haga neyslu sinni og hvaða frístundum þeir kjósa að taka þátt í, á því við hér. Aðstæður fólks, gildismat, fjárhagur, félagsnet, menningarleg og vitræn staða og núverandi aðstæður eru allt þættir sem hafa áhrif á upplýsingahegðun þátttakanda.

Í niðurstöðum þessarar rannsóknar má sjá að áhugahvöt þátttakanda var misjafnlega mikil og það er mjög misjafnt hve miklu einstaklingar eru til í að fórna fyrir áhugamálið. Fyrir suma er þetta köllun eða jafnvel fíkn. Aðrir láta sér nægja einfaldari leitir og eru ekki líklegir til að ryðja mörgum hindrunum úr vegi í leit að upplýsingum. Ef fyrirsjáanlegt er að leit geti orðið tímafrek eða flókin, er líklegt að henni verði hætt og tíma og kröftum varið í aðrar leitir sem eru einfaldari. Þetta er fyrst og fremst áhugamál og sem slíkt þá það að vera skemmtilegt. Viðhorf þátttakanda og upplýsinganotkun voru á mörgum sviðum ólík. Yngri notendur notuðust við nýrri og aðgengilegri upplýsingaleiðir eins og Íslendingabók og samskiptamiðla og vörðu minni tíma til ættrakninga en þeir sem eldri eru.

## **7.2 Form upplýsinga og lykilheimildir**

Í þessum hluta kaflans er farið yfir mismunandi form upplýsinga. Fjallað er um ritaðar upplýsingar á rafrænu formi, samskipti á milli fólks, sjónrænar upplýsingar og viðhorf þátttakanda til helstu upplýsingaheimilda.

### **7.2.1 Rafrænar upplýsingar**

Upplýsingaheimildir í ættfræði og fjölskyldusögu hafa haldist þær sömu í aldanna rás. Helstu ættfræðiheimildir eru opinber gögn, eins og manntöl, kirkjubækur og sóknarmannatöl. Þessar

heimildir hafa alltaf verið til staðar. Fjölskyldusögurnar hafa líka verið til, stundum faldar inn í bókum eða á handskrifuðum blöðum á heimilum fólks, í geymslu hjá hinu „ættardótinu.“ Auðveldara er að miðla upplýsingum.

Ummæli þátttakanda í niðurstöðukaflanum staðfestu það sem Zipf (1965) hélt fram að tími og hentugleiki skipti mestu máli við val á aðferðum í upplýsingaleit. Þátttakendur í rannsókn Fulton (2009) sögðu netið styðja við þörf þeirra um tafarlaugar upplýsingar.

Upplýsingaleit af ásetningi er það ferli ákvörðun er tekin um að afla sér þekkingar um fyrirfram ákveðið efni (Wilson, 1997), er enn dæmigerð rafræn leit hjá þeim sem stunda rannsóknir í ættfræði og fjölskyldusögu, þökk sé háþrúðum leitarvélum sem styðjast við algorithma sem aðgreina og flokka upplýsingarnar og gera þær leitarbær. Ef ekki væri fyrir þessa leitarmöguleika þá væri internetið risastór geymsla, þar sem fólk gæti aðeins rekist á upplýsingar fyrir tilviljun en ekki leitað þeirra.

Þeir rafrænu staðir sem þátttakendur í rannsókninni notuðu mest voru Íslendingabók og leitarvél Google. Leit að einstaklingi á Íslendingabók, nær í valdar heimildir um einstakling, leit með leitarvél Google getur vísað á nær óteljandi heimildir, þó oft séu aðeins þær fyrstu raunhæfur kostur. Þátttakendur lýstu leit í Google á svipaðan hátt og gert er í berjatínslulíkani (Bates, 1989). Oftast var leitað eftir nafni og bæ og þátttakendur og skimuðu eftir þeim heimildum sem þeir töldu að fallið gæti best að upplýsingaþörfum sínum. Ef upplýsingaþörf þeirra var ekki svarað, þá var önnur heimild valin eða leitin aðlöguð með því að setja inn önnur leitarorð.

Þátttakendur í rannsókninni minntust á að upplýsingaleit væri orðin mun léttari. Sumir þeirra hófu að rannsaka ættfræði á síðustu öld höfðu á orði að svo auðfengnar upplýsingar, gætu gert það að verkum að upplýsingarnar gætu verið grunnar eða yfirborðskenndar og hætta væri á að þeir sem væru að byrja rannsóknir hættu leitinni snemma. Annar þátttakandinn benti á að félagsstarf í Ættfræðifélaginu, hefði lagst niður eftir að Íslendingabók tók til starfa. Þetta eru áhugavert sjónarmið, sem Carr (2008) hefur meðal annars velt upp þeirri spurningu hvort lestur á rafrænum heimildum lúti öðrum lögmálum en lestur á efnislegum miðlum. Algengt virðist vera að upplýsingar séu skimaðar á rafrænum miðlum, ef til vill vegna alls þess efnis sem er í boði rafrænt. Aðferðirnar bera keim af þeirri leitartækni, sem lýsti í berjalíkani sínu. Í líkani Bates mátu þeir sem leituðu upplýsinga, valkosti sína út frá

hugrænu vali, tilfinningar komu þar hvergi nærri. Velta má því fyrir sér hvort tilfinningar og íhugun upplýsinga rúmist innan slíks leitarferlis, þar sem hraði virðist ráða ríkjum.

Í rannsóknum (Duff og Johnson, 2003) og (Yakel og Torres, 2003) er ættfræðingum lýst eins og sérfræðingum í upplýsingaleit, þar sem þeir þekktu vel til skjalakosta og voru vel að sér um aðrar upplýsingar, eins og söguleg tímabil og landafræði sem gat hjálpað þeim við leitina. Sennilega er hægt að tengja leikni þeirra í upplýsingaleitinni við hindranir. Að sama skapi má þá búast við því að með auðveldara aðgengi og minni upplýsingahindrunum, eigi eftir að fjölga í hóp þeirra sem leita sér upplýsinga, ekki ósvipað því sem þekktist í viðskiptum, þar sem lægri verðþröskuldur, veldur því að fleiri kaupi vöruna.

### **7.2.2 Samskipti við aðra**

Rafræn samskipti nýttust þátttakendum í rannsókninni, bæði til að leita upplýsinga af ásetningi og jafnframt veitt þeim tækifæri til að rekast á upplýsingar. Þátttakendur nýttu sér samfélagsmiðla, til að skima eftir upplýsingum og miðla upplýsingum. Spjallþræðir á samfélagsmiðlum mundu sennilega teljast óformlegar í eðli sínu, þó ákveðið umgjörð sé notuð til að halda utan um hópinn. Savolainen (1995) hefur sagt að almenn kjósi upplýsingaleitendur óformlega upplýsingaheimildir.

Velta má fyrir sér hlutverki hliðvarða í hóp á samskiptamiðli. Lu (2007) segir að hugtakið hliðverðir sé notað yfir þá sem veita öðrum upplýsingar. Algengt er að hliðvörður sé valinn sökum þekkingar á ákveðnum málefnum en gott aðgengi að hliðverði hefur einnig þýðingu fyrir upplýsingaleitandann. Barzilai-Nahon (2008) bendir á að einstaklingar fái jafnan stóran hluta upplýsinga í gegn um fjölmiðla. Sem dæmi um hliðvörð á samskiptamiðli, til dæmis á facebook eða instagram, er aðili sem birtir efni á miðlunum til þeirra sem fylgja honum. Í hversdagsumræðu hefur hugtakið „áhrifavaldur“ stundum verið notað um slíka aðila. Hlutverk þeirra er ekki ólíkt hlutverki ritstjóra á fréttamiðli, sem ákveður hvaða fréttir eru valdar til birtingar. Í báðum tilfellum ákveða þessir aðilar hvaða upplýsingar eru valdar til birtingar og hverjum er sleppt. Dæmið kann að vera óljósara á hópþræði, þar sem allir þátttakendur geta haft orðið. Meðlimir sem fylgja ákveðnum hóp, munu þó geta metið aðra notendur, út frá innleggjum sínum. Undir vissum kringumstæðum geta hópar rætt saman í rauntíma og þá geta myndast tímabundnar upplýsingalindir. Slík fyrirbæri nefnir Fisher; upplýsingasvæði.

### 7.2.3 Sjónrænar upplýsingar

Sumir víla ekki fyrir sér að fara langar leiðir á staði þar sem ættingjar þeirra bjuggu á. Slíkar upplýsingaþarfir virðast vera til að uppfylla tilfinningalegar jafnt sem hugrænar þarfir upplýsingaleitandans, sem vill standa í sömu sporum og liðið ættfólk sitt.

Aðrir virða fyrir sér gamlar ljósmyndir, eða jafnvel hreyfimyndir sem sýna umhverfi og fólk á fyrri tímum. Margvíslegar upplýsinga er hægt að afla með því móti. Upplýsingaleitendur gera sér grein fyrir því að aðstæður þeirra eru í flestöllum tilvikum betri en þeirra sem þau rannsaka, þar sem eldri samfélög voru fátækari og ekki jafn tæknivædd.

### 7.3 Að vekja látna til lífsins

Í niðurstöðukaflanum greindu þátttakendur frá ýmsum aðferðum sem þau notuðu til að komast í návígi við ættfólk sitt. Einn þátttakandi lýsti því hvernig hún fylgdi ættföður sínum með því að skoða kirkjubækur, frá ári til árs, allt frá fæðingu hans til dauða. Ýmsar frásagnir af ættingjum geta gefið vísbendingar um eiginleika þeirra, eins og í dæmi orðheppna bóndans sem fór að kaupa stígvél og farsælu vökukonuna í Þjóðsögunni. „Það er ótrúlegur fróðleikur, sem er á staðnum“ sagði einn þátttakandi sem heimsótti sveitina sem ættfólkið hafði búið á.“ Sögulegar upplýsingar um þá tíma og þær aðstæður sem fólk bjó við, eru mikilvægar upplýsingar.

Vel heppnuð fjölskyldurannsókn á sér fjögur skeið, samkvæmt líkani (Shaw, 2017) sem lagði fram líkan sem tekur mið af þverfaglegum þáttum fjölskyldurannsókna. Á fyrsta skeiði eru staðreyndir sem tengjast nöfnum, dagsetningum og búsetu. Á öðru skeiði er þekking á sögulegum atburðum og þekking á félags-, stjórnmála- og efnahagslegum þáttum viðkomandi tímabils. Á þriðja skeiði veit rannsakandinn nokkur deili á athöfnum þess sem hann rannsakar og gerir sér grein fyrir þeim áhrifum sem sögulegir atburðir höfðu á líf hans. Á fjórða skeiði er rannsakandi farinn að skilja aðgerðir og hvatningu fólks og getur túlkað og skilið hvernig sögulegir atburðir höfðu áhrif á einstaklinginn.

## 8 Lokaorð

Í þessari eigindlegu rannsókn var rætt við sjö þátttakendur á aldrinum 48-74 ára og meðaldur þátttakanda var 60 ár. Greind voru þrjú þemu úr gögnunum: 1. Ættfræði á mínum forsendum. 2. Form upplýsinga og heimilda. 3. Að vekja þá látnu til lífsins. Úr þessum þremur þemum var leitast við að svara þremur rannsóknarspurningum.: 1. Af hverju stundar fólk ættfræði og fjölskyldusögu? 2: Hvers konar form upplýsinga af upplýsingum er sóst eftir og hvaða aðferðum er beitt við að afla þeirra. 3. Hvernig nær fólk að tengjast þeim sem rannsakaðir eru?

Áberandi munur var á því hve miklum tíma þátttakendur vörðu til upplýsingaleitar. Yngri notendur notuðust við nýrri og aðgengilegri upplýsingaleiðir eins og Íslendingabók og samskiptamiðla og vörðu minni tíma til ættrákninga en þeir sem eldri voru. Algengt var að þátttakendur hefðu fengið áhuga á fjölskyldusögu þegar á unga aldri, þó þeir hefðu rannsóknir miklu síðar.

Þátttakendur notast við ritaðar heimildir, samskipti sem oft fara fram á rafrænum miðlum og sjónrænar upplýsingar. Helstu upplýsingamiðlar eru rafrænir gagnagrunnar eins og Íslendingabók og leitarvél Google. Þá hafa fjölskyldusögunnansóknir sótt í sig veðrið á undanförunum árum, sökum aukins magns veflægra heimilda og leitaraðgengis, en dregið hefur úr ættrákningum sökum þess að ættir Íslendinga eru orðnar nokkuð vel kortlagðar.

Áhugafólk um ættfræði og fjölskyldusögu, styðst við ýmsar upplýsingaaðferðir til þess að komast í návígi við ættfólk sitt. Þátttakendur viðuðu að sér sögulegum upplýsingum og staðfræðilegum til að setja sig í spor þeirra sem þeir rannsökuðu og til hjálpa sér við að setja sig í spor þeirra sem þeir rannsökuðu.

Í framhaldi af þessari rannsókn væri áhugavert væri að skoða upplýsingahegðun ættfræðinga. Nær allir þátttakendur í þessari rannsókn hófu sínar fjölskyldurannsóknir fyrir tíma rafrænna upplýsinga. Fróðlegt væri að skoða upplýsingahegðun yngri aldurshóps og skoða nánar þau rafrænu samskipti sem eiga sér stað í tengslum við áhugamálið. Þá var ekki fjallað um ættfræðirannsóknir sem tengjast niðurstöðum úr raðerfðamengi (DNA), en ættfræðin virðist í auknum mæli vera að fara út á þær brautir víða erlendis.

## Heimildaskrá

- Ágústa Pálsdóttir (2005). *Health and lifestyle*. Finland: Abo Academie University press.
- Ágústa Pálsdóttir (2010). The connection between purposive information seeking and information encountering: a study of Icelanders' health and lifestyle information seeking. *Journal of Documentation*, 66(2), 224-244. <https://doi.org/10.1108/00220411011023634>
- Barefoot, M.R. (2018). Identifying information need through storytelling. *Reference Services Review*, 46(2), 251-263. <https://doi.org/10.1108/RSR-02-2018-0009>
- Barzilai-Nahon, K. (2008). Toward a theory of network gatekeeping: A Framework for Exploring Information Control. *Journal of the American Society for Information Science and Technology*, 59, 1493-1512. <https://doi.org/10.1002/asi.20857>
- Bates, M. J. (1989). The design of browsing and berrypicking techniques for the online search interface. *Online Review*, 13(5), 407-424. <https://doi.org/10.1108/eb024320>
- Belkin, N. J. (1980). Anomalous states of knowledge as a basis for information retrieval. *Canadian journal of information science*, 5(1), 133-143. <https://tefkos.comminfo.rutgers.edu/Courses/612/Articles/BelkinAnomolous.pdf>
- Belushin, D. (2017). *Hobby Genealogist Information Community*. [http://infocom.hyperlib.sjsu.edu/wp-content/uploads/2017/10/Hobby-Genealogist-Information-Community\\_Spring-2107.pdf](http://infocom.hyperlib.sjsu.edu/wp-content/uploads/2017/10/Hobby-Genealogist-Information-Community_Spring-2107.pdf)
- Bishop, R. (2008). In the grand scheme of things: an exploration of the meaning of genealogical research. *Journal of Popular Culture*, 41(3), 393-412. <https://doi.org/10.1111/j.1540-5931.2008.00527.x>
- Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology*, 3(2), 77-101. <https://www.tandfonline.com/doi/abs/10.1191/1478088706QP063OA>
- Carothers, D. F. (1983). Introduction. *Library Trends*, 32(1), 3-6. [https://www.ideals.illinois.edu/bitstream/handle/2142/7298/librarytrendsv32i1b\\_opt.pdf?sequence=1](https://www.ideals.illinois.edu/bitstream/handle/2142/7298/librarytrendsv32i1b_opt.pdf?sequence=1)
- Carr, N. (2008) Is Google making us stupid? *Yearbook of the national society for the study of education*, 107(2) 89-94. <https://doi.org/10.1111/j.1744-7984.2008.00172.x>
- Case, D. O. (2002). *Looking for information: a survey of research on information seeking*. Academic Press, Lexington.
- Case, D. O. (2005). Principle of least effort. *Theories of information behaviour*. 289-291
- Case, D. O., Andrews, J. E., Johnson, J. D. og Allard, S. L. (2005). Avoiding versus seeking: the relationship of information seeking to avoidance, blunting, coping, dissonance, and

related concepts. *Journal of the Medical Library Association*, 93(3), 353–362.  
<https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC1175801/>

Charmaz, K. (2014). *Constructing Grounded Theory*. Sage, Los Angeles.

Cole, C. (2012). *Information need. A Theory Connecting Information Search to Knowledge Formation*. Emerald group.

Darby, P. og Clough, P. (2013). Investigating the information-seeking behaviour of genealogists and family historians. *Journal of Information Science*, 39(1), 73–84.  
<https://doi.org/10.1177/0165551512469765>

Dervin, B. (1992). From the mind's eye of the user: the sense-making qualitative-quantitative methodology. Í Glazier, J.D. and Powell, R.R. (ritstj.) *Qualitative Research in Information Management*, 61-84. Westport: Libraries Unlimited.

Dóra Thoroddsen og Kristín H. Pétursdóttir (1995). Ættfræði og almenningsbókasöfn. *Bókasafnið*, 19(1), 18-21. <https://timarit.is/page/2406924>

Duff, W. og Johnson, C. (2003). Where Is the List with All the Names? Information-Seeking Behavior of Genealogists. *The American Archivist*, 66(1), 79-95.  
<https://doi.org/10.17723/aarc.66.1.l375uj047224737n>

Durie, B. (2017). What Is Genealogy? Philosophy, Education, Motivations and Future Prospects. *Genealogy*, 1(1), 4. <http://dx.doi.org/10.3390/genealogy1010004>

Fisher, K. E. (2005). Information grounds. In K. E. Fisher, S. Erdelez, and E. F. McKechnie (ritstj.), *Theories of Information Behavior*. Medford, NJ: Information Today.

Francis, L.S. (2004). The genealogy search process. *PnLA Quarterly*, 68(3), 12,22.  
<https://pnla.org/wp-content/uploads/2018/03/volume-68-3-spring-2004.pdf>

Friday, K. (2014). Learning from e-family history: a model of online family historian research behaviour. *Information Research: An International Electronic Journal*, 19(4), n4.  
<https://files.eric.ed.gov/fulltext/EJ1050454.pdf>

Friedrich, M. (2017). Genealogy as archive-driven research enterprise in early modern Europe. *Osiris*, 32(1), 65-84.<https://www.journals.uchicago.edu/doi/full/10.1086/693515>

Fréttabréf Ættfræðingafélagsins. (2002). Fyrstu fundargerðir og fyrstu lög ÆF. *Fréttabréf Ættfræðifélagsins*, 20(4), 20-23. <https://timarit.is/page/5631135#page/n21/mode/2up>

Fulton, C. (2005). Chatman's Life in the Round. *Theories of Information Behavior*. (ritstj.). K. E. Fisher, S. Erdelez, and E. F. McKechnie. Medford, NJ: Information Today.

Fulton, C. (2009). *The pleasure principle: the power of positive affect in information seeking*. In *Aslib Proceedings*. Emerald Group Publishing Limited.  
<https://doi.org/10.1108/00012530910959808>



- Gísli Pálsson. (2007). *Lífsmark: Mann(erfða) fræði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan
- Guðfinna Ragnarsdóttir. (2005). Íslensk ættfræði frá söguöld að tölvuöld. – helstu heimildir. *Fréttablað Ættfræðifélagsins*, 23(3), 14-19.  
<https://timarit.is/page/5631391#page/n13/mode/2up>
- Guðmundur Ingi Þorvaldsson. (2019). Guðmundarkviða: Saga Þjóðar. *Annar þáttur* [hlaðvarp]. Útvarpsleikhúsið. <https://mytuner-radio.com/podcast/gudmundarkvida-saga-thjodar-ruv-1449737666>
- Gylfi Þ. Gíslason. (1969, 28. apríl). Þröngsýni. *Alþýðublaðið*. <https://timarit.is/files/8014732>
- Hartel, J. (2003). The serious leisure frontier in library and information science: hobby domains. *Knowledge organization*, 30(3/4), 228-238. <https://www.nomos-elibrary.de/10.5771/0943-7444-2003-3-4-228.pdf>
- Háskóli Íslands. (1968-1969). *Árbók Háskóla Íslands*, 180.  
<https://timarit.is/page/5631135#page/n21/mode/2up>
- Herskovitz, A. (2012). A Suggested Taxonomy of Genealogy as a Multidisciplinary Academic Research Field. *Journal of Multidisciplinary Research*, 4(3) 5-21.  
<https://www.researchgate.net/profile/Arnon->
- Herskovitz, A. (2016). Genealogy and family history through multiple academic lenses: an introduction to the special issue. *Journal of Multidisciplinary Research*, 8(1), 5-10.  
<https://www.proquest.com/docview/1804901942?accountid=28822>
- Herskovitz, A. og Hardof-Jaffe, S. (2017). Genealogy as a lifelong learning endeavor. *Leisure/Loisir*, 41(4), 535-560. <https://doi.org/10.1080/14927713.2017.1399817>
- ICAPGen. (2021). About us. ICAPGen (The International Commission for the Accreditation of Professional Genealogists). <https://www.icapgen.org/about/>
- Íslendingabók (2021). *Um Íslendingabók*. Íslensk erfðagreining ehf. og Friðrik Skúlason ehf.  
<https://www.islendingabok.is/about>
- Jones, T. W. (2007, október). Post secondary study of genealogy: Curriculum and its contexts. Í IJG Symposium, Jerusalem, Israel. <http://www.ijg.org/wp-content/uploads/2014/02/jones.pdf>
- Kristín H. Pétursdóttir (1994). *Íslensk ættfræði :skrá um rit í ættfræði og skyldum greinum / = Icelandic genealogy : a bibliography of publications in genealogy and related fields*. Reykjavík: Þjóðsaga.
- Kuglin, H. (2004). *Granny hunting: The information seeking behaviour of genealogists in open access libraries*. A quantitative study. <http://www.lianza.org.nz/granny-hunting-informationseeking-behaviour-genealogists-open-access-libraries-quantitative-study>
- Kuhlthau, C.C. (1991). Inside the search process: information seeking from the user's perspective. *Journal of the American Society for Information Science*, 42(5), 361-371.

<https://asistdl.onlinelibrary.wiley.com/doi/epdf/10.1002/%28SICI%291097-4571%28199106%2942%3A5%3C361%3A%3AAID-ASI6%3E3.O.CO%3B2-%23>

- Kuhlthau, C.C. (1993). A principle of uncertainty for information seeking. *Journal of documentation*, 49(4), 339-355. <https://doi.org/10.1108/eb026918>
- Kvale, S. (1996). *InterViews: an introduction to qualitative research interviewing*. London: Sage Publications, Inc.
- Lambert, R. D. (1996). The Family Historian and Temporal Orientations Towards the Ancestral Past. *Time and Society*, 5(2), 115–143. <https://doi.org/10.1177/0961463X96005002001>
- Lambert, R.D. (2002). Reclaiming the past: narrative, rhetoric and the 'convict stain.' *Journal of Sociology*, 38(2), 111-127. <https://doi.org/10.1177/144078302128756534>
- Lambert, R. D. (2003). Constructing Symbolic Ancestry: Befriending Time, Confronting Death. *OMEGA - Journal of Death and Dying*, 46(4), 303–321. <https://doi.org/10.2190/EU0D-J1B0-JKJ0-GHMD>
- Land, J. K. M. (2012). From gravestones to Google: The impact of Internet adoption on genealogists' information and communication behaviors. ProQuest Dissertations Publishing. <https://search.proquest.com/docview/1022490537?pq-origsite=gscholar&fromopenview=true>
- Legacy Tree (2021). *There is a degree in that? Genealogical Education Opportunities*. <https://www.legacytree.com/blog/theres-degree-genealogical-education-opportunities>
- Lu, Y. (2007). The human in human information acquisition: understanding gatekeeping and proposing new directions in scholarship. *Library and information science research*, 29(1), 103-123. <https://doi.org/10.1016/j.lisr.2006.10.007>
- Lucas, S. A. (2008). The information seeking processes of ProQuest Central; Social Science Premium Collection. (304813159). <https://search.proquest.com/docview/304813159?accountid=28822>
- Lucy, C. (2015). Research trends and emerging technologies for genealogists. *SJSU School of Information Student Research Journal*, 5(2). <https://doi.org/10.31979/2575-2499.050204>
- Mansourian, Y. (2006). Adoption of grounded theory in LIS research. *New Library World*, 107 (9/10), 386-402. <https://doi.org/10.1108/03074800610702589>
- Mansourian, Y. (2008). Coping strategies in web searching. *Program: electronic library and information systems*, 42(1), 28-39. <https://doi.org/10.1108/00330330810851564>
- Martin, W. J. (1995). *The Global Information Society*. Aslib Gower.

- McDonald, S. (2005). Studying actions in context: a qualitative shadowing method for organizational research. *Qualitative research*, 5(4), 455-473.  
<https://doi.org/10.1177/1468794105056923>
- McKenzie, P. J. (2003). A model of information practices in accounts of everyday-life information seeking. *Journal of Documentation*, 59(1), 19-40.  
<https://doi.org/10.1108/00220410310457993>
- McCreadie, M. og Rice, RE. (1999). Trends in analyzing access to information. Part I: Cross-disciplinary conceptualizations of access. *Information Processing & Management*, 35(1), 45-76. [https://doi.org/10.1016/S0306-4573\(98\)00037-5](https://doi.org/10.1016/S0306-4573(98)00037-5)
- Mills, E. S. (2003). Genealogy in the 'information age': History's new frontier. *National Genealogical Society Quarterly*, 91(4), 260-277. [https://www.ngsgenealogy.org/wp-content/uploads/NGS-Quarterly-Online/Complimentary-NGS-Quarterly-Articles\\_Mills\\_Dec2003.pdf](https://www.ngsgenealogy.org/wp-content/uploads/NGS-Quarterly-Online/Complimentary-NGS-Quarterly-Articles_Mills_Dec2003.pdf)
- Morgunblaðið. (1969, 27. apríl). Greinagerð um lagafrumvarp um prófessorsembætti í ættfræði. <https://timarit.is/page/1402218#page/n7/mode/2up>
- Nahl, D. (2004). Measuring the affective information environment of web searchers. *Proceedings of the American society for information science ogtechnology*, 41(1), 191-197. <https://doi.org/10.1002/meet.1450410122>
- Naumer, C. (2006). Flow theory, í Theories of Infromation Behavior, (ritstj.) Fisher, K. E., Erdelez, S. og McKechnie, L.. Infomation today.
- Páll Skúlason og Stefán Aðalsteinsson. (1998). Hugleiðing um ættfræði og fleira. *Skjöldur* 7(1), 126-130.
- Pine, L. (2019, 29. maí). *Genealogy. Encyclopedia Britannica*.  
<https://www.britannica.com/topic/genealogy>
- Saar, M. (2002). Genealogy and Subjectivity. *European Journal of Philosophy*, 10(2), 231–245.  
<https://onlinelibrary.wiley.com/doi/pdf/10.1111/1468-0378.00159>
- Savolainen, R. (1995). Everyday life information seeking: approaching information seeking in the context of way of life. *Library and Information Science Research*, 17(3), 259-294.  
[https://doi.org/10.1016/0740-8188\(95\)90048-9](https://doi.org/10.1016/0740-8188(95)90048-9)
- Savolainen, R. (2015). Cognitive barriers to information seeking: a conceptual analysis. *Journal of Information Science*, 41(5), 613–623.  
<https://doi.org/10.1177/01655515155587850>
- Shaw, E. (2017). *Life in the Past Lane: An Exploration of the Motives and Metahistorical Understanding of Family History Researchers* (Doktorsritgerð, University of Newcastle).  
[https://scholar.google.com/scholar?cluster=6722898321959195405&hl=en&as\\_sdt=0,5](https://scholar.google.com/scholar?cluster=6722898321959195405&hl=en&as_sdt=0,5)

- Shaw, E. (2020). "Who We Are, and Why We Do It": A Demographic Overview and the Cited Motivations of Australia's Family Historians. *Journal of Family History*, 45(1), 109–124. <https://doi.org/10.1177/0363199019880238>
- Sinko, P. T. og Peters, S. N. (1983). A Survey of Genealogists at the Newberry Library. *Library Trends* 32(1), 97-109. [https://www.ideals.illinois.edu/bitstream/handle/2142/7305/librarytrendsv32i1i\\_opt.pdf?s](https://www.ideals.illinois.edu/bitstream/handle/2142/7305/librarytrendsv32i1i_opt.pdf?s)
- Stebbins, R. A. (1994). The liberal arts hobbies: a neglected subtype of serious leisure. *Loisir et Société/Society and Leisure*, 17(1), 173-186. <https://www.tandfonline.com/doi/citedby/10.1080/07053436.1994.10715470?scroll=top&needAccess=true>
- Stigler, G.J. (1961). The economics of information. <https://web.archive.org/web/20100621165108/http://bpp.wharton.upenn.edu/waldfogj/987/readings/stigler.pdf>
- Suðurland. (1913, 19. apríl). *Ný bók*, 3(44), 174. <https://timarit.is/files/10043255>
- Swigon, M. (2011). Information barriers in libraries: Types, typologies and polish empirical studies. *Library Management*, 32(6), 475-484. doi:<http://dx.doi.org/10.1108/01435121111158619>
- Taylor, S. J., Bogdan, R. og Devault, M., (2015). *Introduction to qualitative research methods: a guidebook and resource*. John Wiley & Sons.
- Vaughan-Nichols, S. (2017). Before Google: A history of search. *Enterprise.nxt*. <https://www.hpe.com/us/en/insights/articles/how-search-worked-before-google-1703.html#:~:text=Fortunately%20for%20early%20users%2C%20the,weren't%20really%20search%20engines.>
- Weil, F. (2007). John Farmer and the making of American genealogy. *The New England Quarterly*, 80(3), 408-434. <https://doi.org/10.1162/tnq.2007.80.3.408>
- Wilson, T. D. (1981). On user studies oginformation needs. *Journal of documentation*. <https://www.emerald.com/insight/content/doi/10.1108/eb026702/full/html>
- Wilson, T. D. (1997). Information behaviour: an interdisciplinary perspective. *Information Processing and Management*, 33(4), 551-572. [https://doi.org/10.1016/S0306-4573\(97\)00028-9](https://doi.org/10.1016/S0306-4573(97)00028-9)
- Wilson, T. D. (1999). Models in information behaviour research. *Journal of documentation*, 55(3), 249-270. <https://www.emerald.com/insight/content/doi/10.1108/EUM0000000007145/full/html>
- Wilson, T. D. (2000). Human information behavior. *Informing science*, 3(2), 49-56. <https://www.researchgate.net/profile/Tom-Wilson->

17/publication/270960171\_Human\_Information\_Behavior/links/57d32fe508ae601b39a42875/Human-Information-Behavior.pdf

Yakel, E. (2004). Seeking information, seeking connections, seeking meaning: genealogists and family historians. *Information Research*, 10(1) paper 205.  
<http://InformationR.net/ir/10-1/paper205.html>

Yakel, E. (2004b). Information literacy for primary sources: Creating a new paradigm for archival researcher education. OCLC Systems and Services: International digital library perspectives. <http://dx.doi.org/10.1108/10650750410539059>

Yakel, E. og Torres, D. (2003). AI: archival intelligence and user expertise: users and archival research. *American Archivist* 66(1),51–78.  
<https://americanarchivist.org/doi/pdf/10.17723/aarc.66.1.q022h85pn51n5800>

Yakel, E. og Torres, D.A. (2007). Genealogists as a community of records. *American Archivist*, 70 (1), 93-113. <https://doi.org/10.17723/aarc.70.1.l15414u736440636>

Zipf, G. K. (1965). *Human Behavior and the Principle of Least Effort*. Cambridge, Mass., 1949.

Þjóðskjalasafn. (2019). Netbirting manntala hjá Þjóðskjalasafni Íslands. *Minnisblað um manntalsvef*.

Ættfræðifélagið (2020). Félagið. <https://aett.is/felagid/>